



Grunnskólinn Hellu



Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017

Mat á skólastarfi Grunnskólans Hellu

Stýrihópur um sjálfsmat

Særún Sæmundsdóttir

Guðrún Bára Sverrisdóttir

Anna Guðlaug Albertsdóttir

Sigurgeir Guðmundsson/Steinar Tómasson

Efnisyfirlit

Grunnskólinn Hellu	1
Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	4
2. Mat á skólastarfi Grunnskólans á Hellu	4
2.1 Markmið og tilgangur matsins.....	4
2.2 Sjálfsmatsaðferð Grunnskólans á Hellu	4
2.3 Viðmið og matsspurningar	6
2.4 Gögn sem liggja til grundvallar greiningu.....	6
3. Einkenni skólans	6
4. Stefna og markmið Grunnskólans á Hellu	7
4.1 Markmið skólastarfsins	8
4.2 Nemandinn í öndvegi	9
4.3 Samstarf við heimili og grenndarsamfélag.....	9
4.4 Fjölbreyttir kennsluhættir	10
4.5 Stefna skólans í þróunar- og nýbreytnistörfum	11
4.6 Stefna og fyrirkomulag skólamötuneytis.....	14
4.7 Heimasíða skólans	14
5. Nám og kennsla	15
5.1 Skipulag og ábyrgð á kennslu nemenda	16
5.2 Samkennsla og skiptistundir.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
5.3 Sérkennsla.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
5.4 Nýbúakennsla	18
5.5 Heimanámsaðstoð.....	18
6. Námsmat.....	19
6.1 Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk	19
6.2 Samræmd próf – framfarastuðull og meðaltöl.....	20
6.3 Skimanir	20
7. Nemendur og líðan.....	21
7.1 Félagslíf nemenda.....	21

7.2 Nemendaráð.....	21
7.3 Ástundun nemenda	22
8. Starfsfólk og starfsmannastjórnun.....	22
9. Aðbúnaður.....	23
10. Stjórnun	24
11. Ytri tengsl.....	25
12. Mat á skólastarfinu	25
13. Ógnanir.....	29
14. Umbætur.....	33
15. Niðurstöður.....	33
15.1 Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?	34
15.2 Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?	34
15.3 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?.....	34
15.4 Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?.....	35
15.5 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?	35
Viðaukar	36
16.1 Húsnæðismál skólans	36
16.2 Fylgiskjal 1	37

1. Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir skólastarfi Grunnskólans á Hellu og með hvaða hætti lagt er mat á starfið sem þar fer fram. Fyrst verður gerð grein fyrir markmiðum, tilgangi og sjálfsmatsaðferð skólans, þeim viðmiðum sem hann setur sér, matsspurningum og þeim gögnum sem notuð voru við matið. Þá er fjallað um afmarkaða þætti skólastarfsins. Í síðari hluta skýrslunnar er fjallað um mat á skólastarfinu og umbætur sem framkvæmdar voru og umbætur fyrir næsta skólaár kynntar.

Við mat á skólastarfinu eru notaðar kannanir sem Skólapúlsinn framkvæmir en Skólapúlsinn er óháður úttektaraðili sem vinnur fyrir grunnskóla landsins. Skólaárið 2016-2017 er sjöunda árið þar sem starfandi er innra matsnefnd hjá Grunnskólanum á Hellu og er þetta því sjöunda skýrslan sem gefin er út. Skýrslan gerir grein fyrir skólastarfi og umbótum skólans út frá könnunum, prófum og samstarfsfundum.

2. Mat á skólastarfi Grunnskólans á Hellu

2.1 Markmið og tilgangur matsins

Markmið matsins er lögum samkvæmt að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla, auka gæði náms og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Grunnskólinn á Hellu metur innra starf skólans með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á.

Tilgangur sjálfsmatsins er einkum sá að gera starfsfólki skólans auðveldara að vinna að markmiðum skólans, vinna skólanum gagn með markvissu umbótastarfi og upplýsa yfirvöld og almenning um starfið.

2.2 Sjálfsmatsaðferð Grunnskólans á Hellu

Sjálfsmat Grunnskólans á Hellu grundvallast á lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla, stefnu skólans og skólanámskrá. Leitast er við að beita fjölbreyttum aðferðum við sjálfsmatið, bæði formlegum og óformlegum. Formlegu aðferðirnar felast í því að skoða á kerfisbundinn hátt gögn sem snúa að skólastarfinu og þær óformlegu felast í þeim ákvörðunum sem teknar eru frá degi til dags og umræðum á starfsmannafundum, kennarafundum, stigsfundum, foreldrafundum og

skólaráðsfundum auk starfsmannasamtala. Í skýrslunni er gerð grein fyrir innra og ytra mati skólans, matið er altækt og nær til allra þátta skólastarfsins. Lokahluti matsins greinir frá umbótaáætlun sem niðurstöður matsins eru byggðar á.

Sjálfsmati Grunnskólans á Hellu er ætlað að mæla hvernig skólanum hefur tekist að ná tilætluðum árangri. Í upphafi hvers skólaárs er settur saman stýrihópur til þess að skipuleggja matsverkefnin og innleiða vinnulag við þau. Stýrihópurinn fundar eins oft og þurfa þykir en verkefnisstjóri innra mats eða skólastjóri kallar saman þá fundi.

Verkáætlun um sjálfsmat Grunnskólans á Hellu 2017-2020 var unnin í desember 2016 og lögð fyrir á starfsmannafundi 10.janúar 2017 (sjá fylgiskjal 1).

Á fundi stjórnenda varðandi innra mat skólans 2016-2017 var rætt um hugmyndir sem komið hafa fram um starfendarannsóknir kennara en ekki hafa verið framkvæmdar. Stjórnendur eru sammála að um að einfaldara sé að þeir ákveði á hverjum vetri hvað á að skoða hverju sinni og stilla síðan heimsóknnum/jafningjamati/starfendarannsóknnum upp hverju sinni. Veturinn 2016-2017 var fundað tvisvar (janúar og mars) um niðurstöður samræmdra prófa og viðbrögð skólans við þeim. Þeir fundir koma því í stað starfendarannsókna í vetur. (sjá fylgiskjal 2 fundargerðir)

Á fundi innra mats nefndar í nóvember 2016 voru matsspurningarnar 5 sem skólinn byggir mat sitt á bornar saman við skólastefnu byggðarsamlagsins Odda bs. sem sér um rekstur leik- og grunnskóla Rangárbings ytra og Ásahrepps. Þar kom fram að matsspurningu vantaði sem snýr að tengslum skólans við nærsamfélagið. (sjá fylgiskjal 3)

Á vorönn 2017 fór fram ytra mat á Grunnskólanum á Hellu sem er að hluta samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Menntamálastofnunar. Fjórir þættir voru metnir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og skólabragur. Niðurstöður ytra mats nýtast skólanum við umbætur á komandi árum. (sjá fylgiskjal 4)

2.3 Viðmið og matsspurningar

Eftirfarandi gögn voru notuð sem viðmið við matið:

1. Lög og reglugerðir.
2. Leiðarljós skólans.
3. Eftirfarandi fimm matsspurningar:
 1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
 2. Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?
 3. Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?
 4. Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?
 5. Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?

2.4 Gögn sem liggja til grundvallar greiningu

1. Stefnumiðað árangursmat Grunnskólans á Hellu.
2. Niðurstöður Skólapúlsins úr nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnunum.
3. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10.bekk.
4. Fundargerðir starfsmannafunda og stigsfunda.

Gæði skólastarfsins voru metin með því að bera viðmiðin saman við niðurstöðurnar. Á grundvelli matsins voru teknar ákvarðanir um breytingar sem miða að því að bæta og þróa skólastarfið.

3. Einkenni skólans

Grunnskólinn á Hellu er heildstæður grunnskóli sem starfar í tíu bekkjardeildum og eru á yfirstandandi skólaári 125 nemendur skráðir í skólann. Staðsetning Grunnskólans á Hellu er að Útskálum 6 – 8 á Hellu. Skólaárið skiptist í þrjár annir; haustönn, miðönn og vorönn. Skólastjóri Grunnskólans á Hellu er Sigurgeir Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri er Steinar Tómasson og deildarstjóri er Særún Sæmundsdóttir. Starfsmenn eru 31 talsins, þar af 18 kennarar og stjórnendur. Aðrir starfsmenn við skólann starfa sem skólaliðar, stuðningsfulltrúar, matráður, aðstoðarmenn matráðs, ritari og húsvörður. Auk þess aka þrír skólabílstjórar nemendum úr dreifbýlinu til og frá skóla.

Skóladagatal, starfsáætlun og aðrar upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans sem er uppfærð reglulega. Skólahverfi Grunnskólans á Hellu nær yfir svæðið frá mörkum sveitarfélagsins í austri að Ytri-Rangá í vestri. Auk þess teljast Þykkvibær og bæirnir í Bjóluhverfi og á Ægissíðu til skólahverfisins. Skóladagheimili, fyrir nemendur úr 1. – 4. bekk, er starfrækt alla daga vikunnar eftir að skóla lýkur til kl. 16:00

Við skólann er starfrækt mötuneyti, sem staðsett er í Íþróttahúsinu. Mötuneytisþátttaka er hluti af skólastarfinu og er hádegishlé nemenda felld inn í stundaskrá þeirra.

Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og víðsýni.

4. Stefna og markmið Grunnskólans á Hellu

Leiðarljós Grunnskólans á Hellu eru byggð á lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2011, almennum hluta bls. 30, segir: „Grunnskólinn tekur við af leikskóla og leggur grunn að áframhaldandi námi og lífi í sjálfbæru samfélagi. Skólinn er vinnustaður nemenda um tíu ára skeið á mikilvægu þroska- og mótunarskeiði þeirra. Grunnskólinn er því mikilvægur liður í ferli einstaklingsins til alhliða þroska og almennrar menntunar. Í grunnskóla þarf að skapa skilyrði fyrir nemendur svo að þeir fái notið bernsku sinnar og efli með sér sjálfstraust og félagsfærni, virki sköpunarkraft sinn og rækti skilning á manngildi.” Leiðarljósin má finna á heimasíðu skólans og eru þau eftirfarandi:

Leiðarljós okkar eru að:

1. Skapa jákvæðan skólabrag sem byggir á virðingu, kærleika, samábyrgð, umburðarlyndi og vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
2. Allir nemendur og starfsmenn finni í skólanum öryggi og væntumþykju sem byggist á sjálfsvirðingu, jafnrétti og kristilegu siðgæði.
3. Nemendur öðlist færni í mannlegum samskiptum, sjálfstraust og jákvæða lífsýn.
4. Nemendur og starfsmenn stuðli að góðri heilsu og almennri vellíðan með því að leggja rækt við hollar lífsvenjur, hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl.
5. Hafa gott samstarf við heimilin og aðra þá aðila sem að skólanum koma, s.s. önnur skólastig, sveitarstjórn, Skólaþjónustuna o.fl.
6. Skólinn sé öruggur vinnustaður og nemendur læri að varast hættur í umhverfi sínu.

7. Nemendur verði læsir í víðum skilningi, þ.e. á íslenska tungu, samfélag sitt og umhverfi, erlend tungumál og tölulegar upplýsingar.
8. Nemendur temji sér góða námstækni og rækti skapandi hugsun.
9. Nemendur geti tjáð þekkingu sína, skoðanir og tilfinningar.
10. Nemendur verði ábyrgir með heilbrigðan metnað og tilbúnir að takast á við hið óþekkta með gagnrýnni hugsun.
11. Nemendur öðlist þekkingu á nærumhverfi sínu, menningu og námsefni með fjölbreyttum kennsluaðferðum.
12. Skapa hvetjandi og uppörvandi námsumhverfi, í verklegu sem bóklegu námi, þar sem nemendum gefst kostur á að vinna sjálfstætt eða með öðrum.
13. Framsetning kennslunnar miðist við þarfir einstakra nemenda þar sem tekið er tillit til mismunandi þroska og getu.
14. Umgengni og framkoma nemenda og starfsmanna sé þeim og skólanum til sóma.
15. Nemendur öðlist menntun til sjálfbærni með því að sýna ábyrga umgengni við líf og umhverfi.
16. Nemendur læri að takast á við viðfangsefni daglegs lífs og öðlist þá grunnþekkingu sem nýtist þeim í framtíðarnámi og starfi, auk trúar á gildi menntunar og skólagöngu.
17. Nemendur fái markvissa náms- og starfsfræðslu með kynningu á atvinnulífinu og því námi sem er í boði að loknu skyldunámi.
18. Nemendur læri að virða reglur samfélagsins og verði hæfir þjóðfélagsþegnar.

4.1 Markmið skólastarfsins

Í Grunnskólanum á Hellu er markmiðunum náð með því að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og séð til þess að nemendur takist á við verkefni sem henta getu þeirra og stuðla að alhliða þroska og siðferðiskennd. Lögð er áhersla á gagnvirka aðlögun íslenskra nemenda og nemenda af erlendum uppruna með því að þeir vinni saman að ólíkum viðfangsefnum og miðli ólíkri reynslu sinni og þekkingu. Þarfir nemenda eru misjafnar og það er verkefni þeirra sem í skólanum starfa að mæta þeim eins vel og kostur er og tryggja að allir hafi verðug viðfangsefni að glíma við. Þannig þurfa kennsluhættir að vera einstaklingsmiðaðir, laga þarf námsefni að þörfum nemenda og veita þarf stuðning jafnt við bóklegar greinar sem verklegar. Í skólanum eru viðhafðir sveigjanlegir starfshættir og það viðurkennt að nemendur eru misfljótir að ná settum markmiðum. Allir þurfa að

tileinka sér jákvætt viðhorf, rækta með sér samkennd og tileinka sér góð samskipti við aðra. Við þær aðstæður tekst að skapa gott námsumhverfi þar sem allir fá notið sín og taka framförum í jafnt bóklegum greinum sem verklegum.

4.2 Nemandinn í öndvegi

Í Grunnskólanum á Hellu er uppeldi, menntun og líðan nemandans sett í öndvegi. Skólinn á að snúast um nemendur. Allir eiga að finna sig heima í skólanum, þeir eiga að finna þar fyrir velvild og hlýju og vita að í skólanum er skjól og stuðning að finna. Gagnkvæmur skilningur, virðing og umburðarlyndi fyrir menningarlegum bakgrunni, aðstæðum og fjölskylduhögum á að vera ríkjandi. Allir nemendur þurfa að tileinka sér jákvætt viðhorf í garð náms og skóla, rækta með sér samkennd og tileinka sér góð samskipti við aðra. Á heimasíðu skólans er móttökuáætlun fyrir nýja nemendur. Sjá: <http://grhella.is/index.php/skolahandbok/443-mottoekuaetlun>

Um það bil 30 % af nemendum skólans búa við tvítyngi á heimilum sínum. Þeir tala nokkur ólík tungumál, s.s. pólsku, tælensku, sænsku, norsku, þýsku og spænsku og búa yfir margvíslegri reynslu af ólíkum menningarheimum. Fjölbreytni nemendahópsins felur í sér mikinn styrk fyrir skólasamfélagið.

Lögð er áhersla á að byggja upp sterka sjálfsmynd nemenda og stuðla að jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu fyrir jöfnu manngildi allra. Það er skólanum keppikefli að hver einstakur nemandi yfirgefi skólann glaður og vel undirbúinn til að takast á við lífið framundan.



Mynd 1. 6. bekkur á Vorhátíð 2017

4.3 Samstarf við heimili og grenndarsamfélag

Samvinna við heimili og grenndarsamfélag er mikilvægur þáttur skólastarfsins sem leggja þarf rækt við og styðja eftir föngum.

Grunnskólinn á Hellu er m.a. í samstarfsverkefnum með Lundi, Leikskólanum Heklukoti, Tónlistarskóla Rangæinga og Ungmennafélaginu Heklu. Einnig á skólinn gott samstarf við fyrirtæki á svæðinu en þau hafa m.a. verið afar jákvæð að taka nemendur 10. bekkjar í

starfskynningar sem og leyfa starfsfólki sínu að koma í kennslustundir til þeirra og kynna störf sín. Einnig hefur skólinn átt í góðu samstarfi við Hótel Rangá sl. ár. Nemendur sauma jólapoka fyrir hótelið og hefur skólinn í staðinn fengið góðar gjafir eins og saumavélar, útungunarvél ofl.

Í skólanum er talið afar mikilvægt að leggja áfram rækt við fjölbreytt samstarf við þessa aðila og aðra og sjá þar með til þess að skólinn sé í góðum tengslum við samfélagið. Einnig þarf að virkja foreldra enn betur til samstarfs, ekki hvað síst foreldra nemenda af erlendum uppruna. Jákvæð samskipti við foreldra eru ekki aðeins gefandi heldur hafa þau einnig afar mikla þýðingu fyrir öflugt skólastarf. Þess vegna gerir starfsfólk skólans sér far um að hlusta á þarfir þeirra og virkja þá til góðra verka. Það stuðlar að betri skóla.

Foreldrar 1. bekkjar eru boðaðir á fund í upphafi skólaárs þar sem farið er yfir mikilvægi lesturs og hvernig eigi að þjálfa lesturinn og lesskilninginn. Farið er yfir hvernig lestrarnáminu í skólanum er háttað.

4.4 Fjölbreyttir kennsluhættir

Þarfir ólíkra nemenda eru misjafnar. Það er verkefni þeirra sem í skólanum starfa að mæta þeim eins vel og kostur er og tryggja að allir hafi viðfangsefni við hæfi. Börn af pólskum og tælenskum uppruna fá kennslu í sínu móðurmáli og norskur nemandi lærir norsku í gegnum tungumálaverið í Laugalækjarskóla. Haft er að leiðarljósi mikilvægi þess að íslenskunám nemenda af erlendum uppruna sé sameiginlegt verkefni allra sem vinna með börnunum. Sérkennsla felur í sér breytingar á námsmarkmiðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma, allt eftir þörfum nemenda og er litið svo á að sérkennsla sé stuðningur við nemanda eða hóp nemenda sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri tíma. Hún fer ýmist fram inni í bekkjarstofum eða lítilli stofu hjá kennara/þroskaþjálfra. 2016-2017 er enginn sérkennari starfandi við skólann, skipulag sérkennslu er í höndum deildarstjóra og þroskaþjálfra. Nemendum á elsta stigi sem ekki hentar að vera í fullu bóknámi er reynt að mæta með auknu verk- og starfsnámi inn veggja skólans t.d. aðstoð í yngri barna kennslu og matreiðslu.

4.5 Stefna skólans í þróunar- og nýbreytnistörfum

Stefna skólans í þróunar- og nýbreytni störfum tekur mið af þörfum nemenda og niðurstöðum sjálfsmats. Gerð er grein fyrir þróunar- og nýbreytni störfum m.a. í umbótaáætlun skólans. Skólaárið 2016-2017 er unnið að eftirtöldum verkefnum:

4.5.1 Lestraráttak/lestrarstund (yndislestur)

Í öllum bekkjum er gerð krafa um heimalestur fyrir foreldra/forráðamenn sem skulu kvitta fyrir lestrinum. Á unglingastigi er þetta hluti af íslenskueinkunn og á miðstigi fá nemendur sérstaka einkunn er snýr að heimalestri. Nemendur á yngsta stigi og miðstigi lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa a.m.k. einu sinni í viku. Unnið er með PALS lestrarþjálfun í nokkrum bekkjum og í öllum bekkjum er fengist við lesskilningsverkefni sem hæfa hverjum aldri. Á miðstigi er markvisst unnið með framsagnarlestur sem nær hámarki í 7. bekk sem tekur árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni á Suðurlandi. Hvatt er til yndislestrar bæði heima og í skólanum og nemendum gefinn tími til að lesa sér til ánægju og yndisauka. Hjá sumum bekkjum eru fastir yndislestrartímar í töflu en hjá öðrum hafa nemendur val um að lesa hvenær sem laus stund gefst í íslenskutímum og nýta sér bókasafnið til að fá lánaðar bækur sem og lesa. Hjá 1. -4. bekk eru fastir bókasafnstímar í töflu en aðrir bekkir fá að fara á bókasafnið þegar þörf er á og bókasafnið er opið.

4.5.2 Söngstund

1. – 4. bekkur, ásamt umsjónarkennurum sínum, byrjar alla föstudagsmorgna á að syngja saman á barnaskólagangi í 20 mínútur.

4.5.3 Grænfáninn

Umhverfisstefna skólans var mörkuð skólaárið 2008 – 2009 þegar ákveðið var að gerast skóli á grænni grein. Sjá: <http://grhella.is/index.php/grafenfaninn>

Vorið 2010 flaggaði skólinn Grænfánanum í fyrsta sinn og síðan fengið Grænfánann afhentan fjórum sinnum.

4.5.4 Umhverfisfræðsla og útivist

Skólaárið 2008 – 2009 var byrjað að þróa kennslu í umhverfisfræðslu og útivist. Frá skólaárinu 2011 - 2012 hafa 1. – 7. bekkur verið með tvo umhverfisfræðslu- og útivistartíma á stundaskrá í

hverri viku. Auk þess er boðið upp á útvistarval fyrir 8. - 10. bekk. Útikennsluaðstaða er á svæði rétt við skólann og er þar útikennsluskýli og þar má einnig finna nokkur ávaxtatré og berjarunna.

Vorið 2014 hóf skólinn verkefni með Landvernd og Landgræðslu ríkisins þar sem markmiðið er að græða upp örfokaland. Verkefnið felur í sér að 5. bekkur ár hvert fer upp á svæði sem kallað er Vakalá og setur þar út tilraunareiti sem síðan er sett í mismunandi tegundir af áburði, lífrænum og ólífrænum. Ári síðar framkvæmir hver bekkur vísindalegar rannsóknir á gróðurþekju í sínum tilraunareitum sem unnið er með í töflureiknum og glærusýningum heima í kennslustofu. Verkefnið er langtímaverkefni og stefnt er að útgáfu námsefnis á vegum Landverndar og Landgræðslunnar í kjölfar þess.

4.5.5 Melaskógur

Árið 1996 fékk Grunnskólinn á Hellu úthlutað svæði fyrir austan þorpið til gróðursetningar og í hugmyndasamkeppni meðal nemenda árið 2007 – 2008 hlaut það nafnið Melaskógur. Ætla má að frá upphafi séu nemendur skólans, kennarar og annað starfsfólk búið að setja niður rúmlega 12.000 plöntur á þessu svæði og hefur sú vinna oftast farið fram á vordögum. Undanfarin þrjú ár hefur gróðursetningin þó farið fram á haustin og verður forvitnilegt að fylgjast með hvor tíminn hentar betur til skógræktar. Dagur íslenskrar náttúru hefur undanfarin ár verið nýttur í þetta verkefni og hefur þá allur skólinn (nemendur og starfsfólk) gengið í Melaskóg og gróðursett í sameiningu 300-400 plöntur sem skólinn hefur fengið úthlutað úr Yrkjúsjóði. Á vordögum skólans í lok maí voru einning gróðursettar plöntur af öllum nemendum og starfsfólki.

4.5.6 Skipulagðar haust- og vorferðir

Á fjárhagsáætlun skólans er gert ráð fyrir að hvert aldurstig fari með rútu í tvær ferðir á hverju skólaári. Farið er í eina haustferð og eina vorferð. Ef farið er í skíðaferð/leikhúsferð eftir áramót þá eru vorferðir skipulagðar í heimabyggð þannig að það sé hægt að ganga, hjóla eða fara með skólabílum á staðinn. Tillögur að skipulagi haust- og vorferða nemenda á hverju stigi fyrir sig voru endurskoðaðar í febrúar 2016 og má finna á heimsíðu skólans. Sjá: <http://grhella.is/index.php/skolahandbok/92-vettfangsfereir>

4.5.7 Samstarf við Tónlistarskóla Rangæinga

Nemendur 2. og 3. bekkjar fá kennslu á blokkflautu í litlum hópum sem kennarar Tónlistarskóla Rangæinga sinna. Nemendur 4. bekkjar velja milli þess að læra á hljómborð, gítar, fiðlu eða

blásturshljóðfæri. Þetta nám er nemendum Grunnskólans á Hellu að kostnaðarlausu. Tvisvar á skólaárinu, um jól og að vori, bjóða nemendur foreldrum sínum og nemendum 1. bekkjar á tónleika sem haldnir eru í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu. Kennarar Tónlistarskólans sjá um skipulag tónleikanna.

Þeir nemendur sem stunda fullt tónlistarnám í tónlistarskólanum og eru í 10. bekk gefst kostur á að stunda nám þar í stað tveggja valgreinatíma.

4.5.8 Samfella í íþrótt- og tómstundastarfi

Nemendum í 1. – 4. bekk gefst kostur á að fara, sér að kostnaðarlausu, í íþrótt- og tómstundastarf í beinu framhaldi af kennslu á mánudögum og miðvikudögum. Skólinn sér um skipulagningu þar að lútandi. Í boði í vetur hefur m.a. verið fótþóttir, leikir og frjálssar íþróttir.

4.5.9 Skólaútlit, jólasemmtun og vorhátíð

Á hverju ári er starfrækt skólaútlit síðustu þrjá dagana fyrir jólafrí sem elstu nemendur hafa veg og vanda af en reynt er að gefa öllum nemendum skólans tækifæri til að koma fram í útlitinu. Útlitsstjóri er úr hópi kennara og hefur hann yfirumsjón með skipulagningu á dagskrárliðum.

Á hverju skólaári eru haldnar tvær stórar hátíðir, þ.e. jólasemmtun og vorhátíð, síðdegis í íþróttahúsinu, þar sem allir nemendur skólans koma fram. Mikill metnaður er lagður í atriði og sviðsmyndir. Nemendur á unglingastigi sjá um tækni- og sviðsmál undir stjórn kennara. Aftur valáfangans tónlist/leiklist hjá nemendum unglingastigs hefur verið sýndur á þessum hátíðum og/eða á sýningu. Kynnar á jólasemmtun og vorhátíð koma úr 8. eða 9. bekk. Frítt er inn á hátíðirnar og eru allir velkomnir á þær. 10. bekkingar ásamt foreldrum þeirra sjá um kaffisölu á vorhátíð og er það hluti af fjáröflun þeirra vegna útskriftarferðar að vori.

4.5.10 Þemadagar og opinn skóladagur

Bæjarhellan var starfrækt fjórða árið í röð, nú dagana 21.-23.mars. Þá þrjá daga sem Bæjarhellan



*Mynd 2. Bæjarhellan
2017*

er starfrækt er skólanum breytt í lítið „sjálfbært þorp“ með bæjarstjórn, banka og gjaldmiðli, ásamt framleiðslu og þjónustu sem síðan er seld foreldrum og öðrum þeim sem koma í skólann á markaðsdag Bæjarhellunnar sem í ár var fimmtudagurinn 23. mars. Þriðja árið í röð kemur bæjarstjórinn úr röðum nemenda.

Í ár stóð til að hafa tvo opna skóladaga þar sem aðstandendum væri boðið að heimsækja skólann og fylgjast með skólastarfinu, þetta voru dagarnir

18.janúar og 4.maí. Almenn ánægja var meðal gesta sem heimsóttu skólann þann 18. janúar en vegna breytingar á skóladagatali gekk ekki að hafa opinn skóladag þann 4. maí.

4.6 Stefna og fyrirkomulag skólamötuneytis

Gert er ráð fyrir að allir nemendur Grunnskólans á Hellu séu skráðir í mötuneytið að hausti og fái þar hollan og góðan hádegisverð mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum fá þeir nemendur sem eru á skóladagheimilinu hádegisverð í mötuneytinu. Nemendur fá einnig ávexti sem morgunhressingu á tímabilinu frá klukkan 9:15 – 9:50 á morgnana sem starfskonur mötuneytis framreiða og koma með inn í skólann. Í starfsemi mötuneytisins er haft að leiðarljósi að fylgja ráðleggingum um mataræði og næringargildi frá Landlæknisembættinu (áður Lýðheilsustöð).

Hafðís Dóra Sigurðardóttir matreiðslumaður hefur yfirumsjón með mötuneytinu og er starfsmaður í fullu starfi henni til aðstoðar. Þessir tveir starfsmenn mötuneytisins eru hluti af starfsliði skólans. Auk þeirra ganga kennarar og skólaliðar vaktir á matmálstímum eftir þar til gerðu skipulagi.

4.7 Heimasíða skólans og facebook.

Á heimasíðu skólans er birt stefna skólans og áætlun um skólastarfið, sem byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá og stefnumörkun sveitarfélagsins. Heimasíðan er skólahandbók Grunnskólans á Hellu. Þar er m.a. að finna skóladagatal, skólanámskrá, stefnu skólans, viðbragðsáætlanir, námsáætlanir, matseðil mánaðarins og margt fleira. Þá er þar einnig að finna skipurit, skólareglur, upplýsingar um námsmat, upplýsingar um samstarf skóla og

grenndarsamfélags, upplýsingar um stoðkerfi skólans auk ýmissa annarra upplýsinga er varða nám og veru nemenda í skólanum.

Heimasíðan er uppfærð reglulega og er þar sagt frá því sem um er að vera í skólanum í máli og myndum. Í febrúar 2017 var opnuð facebook síða fyrir Grunnskólann Hellu og er hún hugsuð til að vekja athygli á því starfi sem fram fer í skólanum ásamt því að koma á framfæri ýmsum upplýsingum og fræðsluefni m.a. af heimasíðu skólans.

4.7.1 Námsáætlanir

Í námsáætlun kemur fram hvernig skólinn skipuleggur kennsluna í hverjum árgangi. Hverri námsgrein innan hvers árgangs er lýst með markmiðum, inntaki náms, kennsluskipan, námsgögnum og námsmati.

4.7.2 Heimavinnuáætlanir

Heimavinnuáætlanir gefa betri yfirsýn yfir skipulag og nám nemandans í hverri viku. Nemendur í 1. – 5. bekk fá vikulegar heimavinnuáætlanir sem eru aðgengilegar á Mentor. Heimavinna og skipulag kennslu eldri nemenda er birt á Mentor.

4.7.3 Starfsmannahandbók

Starfsmannahandbók er aðgengileg starfsmönnum á sameiginlegu tölvusvæði og í útprentuðum eintökum í mötuneyti, skóladagheimili og á kennarastofu. Starfsmannahandbókin hefur að geyma hagnýtar upplýsingar sem tengjast skólastarfinu, s.s um hlutverk starfsmanna, ráð og nefndir innan skólans, reglur um leyfi og margt fleira.

5. Nám og kennsla

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91 frá 12. júní 2008 er meginhlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun (2. grein). Í sömu grein laganna segir að starfshættir skóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, virðingu fyrir manngildi, víðsýni og lýðræðislegu samstarfi. Þá skal grunnskólinn leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskólinn á Hellu vinnur að því að koma til móts við nemendur þar sem þeir eru staddir og bjóða upp á nám við hæfi hvers einstaklings. Beitt er fjölbreyttum kennsluaðferðum og reynt að finna leiðir til að koma til móts við

getu og áhugasvið nemenda. Lögð er áhersla á að nemendur vinni saman og læri hver af öðrum. Er það meðal annars gert með því að nemendur vinna verkefni í hringekju, þemaverkefni og ýmis konar para- og/eða hópvinnu. Á miðstigi hefur verið skipulögð samkennsla tvo tíma í viku undanfarin fimm ár sem kallast SNS.

Markmiðið var líka að efla félagsfærni nemenda, ábyrg á eigin námi og að nálgast stærðfræðina með leikjum og spilum. Þrír kennarar komu að því að skipuleggja og stýra þessum tímum. Nemendur 5. bekkjar taka ár hvert þátt í útungunarverkefni á landnáms hænu eggjum, en ungarnir fara síðan í hænsnabú í nágrenninu. Nemendur 10. bekkjar fara í eða fá starfskynningu í heimabyggð. Starfrækt er skólaútlit í desember, skólablaðið Ýmir er gefið út að vori og nemendum á unglingastigi standa til boða fjölbreyttir valáfangar. Leiklistarvalið æfði upp leikritið Loddararnir eftir Snæbjörn Brynjarsson og var stefnt að sýningu í Íþróttahúsinu sunnudaginn 28.maí. Ekkert varð af þeirri sýningu og er það miður. Mikilvægt er að endurskoða tímasetningu á þessu vali á næsta ári þannig að tímasetning sýningar rými við þann æfingatíma sem þarf með nemendum.

5.1 Skipulag og ábyrgð á kennslu nemenda

Í Grunnskólanum á Hellu hefst kennsla klukkan 8:10 að morgni. Stundataflan er að mestu skipulögð miðað við 40 mínútna kennslustundir, sem ýmist eru einfaldar eða tvöfaldar. Einnig eru skipulagðar 60 mínútna kennslulotur hjá 6. – 10. bekk. Matarhlé fimm yngstu bekkjanna er klukkan 11:55 – 12:25 alla daga nema föstudaga. Matarhlé hjá 6. – 10. bekk er frá 12:25 – 12:55 mánudaga til fimmtudaga. Fyrir þá nemendur sem þurfa hádegisverð á föstudögum, hefst matarhlé klukkan 12:05.



Mynd 3. Stærðfræðikennsla í 5.bekk

Stundaskrár allra bekkjardeilda eru uppbyggðar samkvæmt aðalnámskrá, þ.e. nemendur í 1. – 4. bekk fá 30 kennslustundir á viku, nemendur í 5. – 7. bekk fá 35 kennslustundir á viku og nemendur í 8. – 10. bekk fá sem samsvarar 37 kennslustundum á viku. Starfsár Grunnskólans á Hellu miðast við 180 skóladaga nemenda.

Nemendur í 8. – 10. bekk fá að velja á milli nokkurra valgreina. Nánari upplýsingar um valgreinarnar er að finna í skólanámskrá. Auk þeirra valáfanga sem kenndir eru innan skólans

stendur nemendum til boða fjarnám í framhaldsskólaáföngum ef kennarar og skólastjóri meta það svo að nemendur hafi lokið grunnskólanámi í einhverri grein eða greinum.

Stundatöflur nemenda eru aðgengilegar á Mentor (upplýsingakerfi) og einnig er hægt að nálgast þær á heimasíðu skólans.

Þar sem skipulag skólans byggir á að einn bekkur sé í hverjum árgangi, er hverjum bekk ráðstöfuð sérstök heimastofa, þar sem kennsla í flestum bókleikum greinum fer fram. Stuðningsfulltrúar starfa með kennurum í þeim bekkjum og með þeim námshópum sem deildarstjóri sérkennslu telur að þurfi. Stuðningsfulltrúar starfa undir verkstjórn þess kennara sem kennir viðkomandi bekk á hverjum tíma.

Upplýsingar um nemendafjölda í einstökum bekkjum er að finna á heimasíðu skólans. Sjá: <http://grhella.is/index.php/skolahandbok/149-nemendafjoeldinn>

5.2 Samkennsla og skiptistundir

Til hagræðingar er kennsla í íþróttum skipulögð með þeim hætti að tveimur samliggjandi bekkjum er kennt saman, sbr. 1. og 2. bekkur eru saman í íþróttatímum, 3 og 4. bekkur eru saman, 5. og 6. bekkur eru saman, 7. og 8. bekkur eru saman og sömu sögu er að segja um 9. og 10. bekk sem einnig er kennt saman í íþróttum.

Vegna þess hversu fáir nemendur eru í árgangi í 3. og 4. bekk er reynt eftir föngum að kenna þeim sem einum námshópi og eru þessir bekkir með sameiginlega heimastofu.

Samkennsla fer einnig fram í umhverfis- og útivistartímum, en samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi, eru nemendur 2., 3. og 4. bekkjar, 5. og 6. bekkjar saman í kennslustundum. Þar sem um samkennslu er að ræða, þá er alltaf gengið út frá því að tveir kennarar séu með hópinn.

Á miðstigi er bekkjunum blandað saman tvær kennslustundir á viku í svokölluðum SNS tímum, en í ár stóð SNS skammstöfunin fyrir samfélagsfræði, nýsköpun og stærðfræði.



Mynd 4. Umhverfis- og útivist

5.3 Sérkennsla

Sérkennsla í Grunnskólanum á Hellu mótast fyrst og fremst af grunnskólalögum um að allir nemendur eigi rétt á kennslu við hæfi. Sérkennsla er stuðningur við nemendur sem þarfnast tímabundinnar aðstoðar eða samfellds stuðnings um lengri tíma, jafnvel alla skólagönguna. Hún felur í sér breytingar á námsmarkmiðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennslan getur farið fram með einstaklingskennslu eða hópkenndu jafnt innan bekkjar sem utan. Algengast er að kenna í litlum hópum í sérkennslustofum eða að kennari/þroskaþjálfari fari inn í bekk og aðstoði einstaka nemendur þar. Í vetur sáu deildarstjóri og þroskaþjálfari um skipulag og utanumhald á sérkennslu þar ssem sérkennari skólans var í ársleyfi. Skólaþjónusta Rangárþings og V-Skaftafellssýslu veitir mjög gagnlegan stuðning í þessum málaflokki.

5.4 Nýbúakennsla

Í Grunnskólanum á Hellu er u.þ.b. 30% nemenda tvítyngdir. Það er litið svo á að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólastarfið og áhersla er lögð á að virðing sé borin fyrir uppruna og menningu hvers og eins. Við skipulag nýbúakennslunnar er tekið mið af þörfum nemenda hverju sinni. Mikil áhersla er lögð á að taka vel á móti nemendunum og aðstoða þá við að aðlagast íslensku samfélagi. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir við íslenskukennslu innan og utan bekkjar og stefnan sett á að nemendur af erlendum uppruna standi jafnöldrum sínum jafnfætis í námi. Íslenska sem annað mál er yfirleitt kennd í litlum hópum í sérkennslustofu.

Samhliða framförum í námi er reynt að efla félagatengsl barnanna og auka þátttöku þeirra í íþróttum og félagsstarfi. Stefnt er að því að nemendur af erlendu þjóðerni fái kennslu í sínu móðurmáli ef þess er nokkur kostur. Á skólaárinu 2016 – 2017 fá nemendur með pólsku og tælensku kennslu á sínu móðurmáli. Nemandi með norsku sem annað tungumál lærir hana í gegnum tungumálaverið í Laugalækjarskóla. Í skólanum eru haldnir gagnkvæmir upplýsingafundir fyrir nemendur af erlendum uppruna, og fjölskyldur þeirra, þegar þeir hefja skólagöngu. Á slíkum fundum er leitast við að hafa viðstaddan túlk af sama þjóðerni.

5.5 Heimanámsaðstoð

Boðið er upp á heimanámsaðstoð, eina kennslustund á viku, fyrir nemendur á miðstigi og aðra fyrir nemendur úr 2. – 4. bekk. Kennarar sinna þessari aðstoð sem fer fram eftir að hefðbundnum

skóladegi lýkur. Umsjónarkennarar í samráði við foreldra meta hvaða nemendur þurfa að nýta sér heimanámsaðstoð og hvetja þá til þátttöku.

6. Námsmat

Með námsmati er kannað hvort markmið, sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla auk þeirra markmiða sem skólinn setur fram, hafi náðst. Kennarar Grunnskólans á Hellu framkvæma námsmat í allri sinni kennslu og í öllum samskiptum sínum við nemendur og nemendahópa. Námsmatið fer m.a. fram með beinum hætti þ.e. með því að leggja mat á lykilhæfni nemenda og með yfirferð verkefna og prófa. Segja má að námsmat fari fram í nánast öllum daglegum samskiptum kennarans við nemandann. Kennarar meta nemendur með námsörðugleika með hefðbundnum hætti, auk þess sem stuðst er við sérstök þar til gerð próf. Einkunnir eru gefnar í tölustöfum frá 1-10 eða í bókstöfum A-D sbr. aðalnámskrá. Skriflegur vitnisburður um námsárangur er afhentur nemendum og foreldrum þeirra þrisvar á ári, þ.e. í foreldraviðtölum við annarskil í nóvember og febrúar og við skólaslit í maí. Kennarar eru ábyrgir fyrir mati og vitnisburði í þeirri námsgrein sem þeir kenna. Nánari upplýsingar um námsmat skólans má finna á heimasíðunni. Sjá: <http://grhella.is/index.php/skolahandbok/84-namsmat>

Tveir fundir voru haldnir á skólaárinu varðandi niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk og viðbrögð skólans/kennara við þeim. (Sjá fylgiskjal 2.)

6.1 Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. Bekk

Árlega eru lögð fyrir samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk (og nú í 9. bekk). Sú breyting hefur verið gerð af hálfu Menntastofnunar að nú á þessu skólaári eru lögð samræmd könnunarpróf bæði fyrir 9. og 10. bekk. Á næstu árum verður samræmd könnunarpróf lögð fyrir 9. bekk en ekki 10. bekk líkt og verið hefur. Prófað er í stærðfræði og íslensku í þessum bekkjum auk þess sem prófað er í ensku í 9. bekk. Tilgangurinn með fyrirlögn prófanna er að veita upplýsingar um hvaða markmiðum (og færni) nemendur hafa náð í einstökum námsgreinum. Þetta er afar mikilvægt til þess að auðveldara sé að skipleggja áframhaldandi nám í viðkomandi námsgrein. Einnig gefa prófin foreldrum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsstöðu nemenda. Prófin í 4. og 7. bekk eru lögð fyrir seinni hluta septembermánaðar ár hvert og í 9. bekk í marsmánuði ár hvert. Um er að ræða rafræn próf, sem nemendur taka á tölvur skólans. Niðurstöður prófanna ættu því að liggja fyrir

nokkuð fljótlega (vonandi innan mánaðar frá próftöku). Nánari upplýsingar um prófin er að finna á vefsíðu Menntamálastofnunar.

Sjá: <https://www.mms.is/prof-og-mat>

6.2 Samræmd próf – niðurstöður og mat

Í 4. og 7. bekk miðast mat á niðurstöðum prófanna við eftirfarandi: samræmd einkunn – raðeinkunn – grunnskólaeinkunn. Í 9. og 10. bekk miðast matið við hæfnieinkunn A, B+, B, C+, C og D og við raðeinkunn og Grunnskólaeinkunn.

Menntamálastofnun reiknar árlega út meðaltalseinkunnir hvers skóla. Framfarir á bilinu 0,99 til 1,01 teljast venjulegar framfarir. Yfir fimm ára meðaltöl er Grunnskólinn Hellu á þessu bili frá 0,99-1,02. Framfarir í 7. og 10. bekk teljast því eðlilegar hjá skólanum. Niðurstöður samræmdu prófanna eru stöðugt til umræðu innan skólans og er þá staða skólans metin á hverju skólaári. Nánar er fjallað um framfarastuðulinn í námsmati og samræmd próf undir liðnum mat á skólastarfi.

6.3 Skimanir

Á hverju skólaári eru nokkrar skimanir lagðar fyrir í einstökum bekkjum. Í seinni hluta septembermánaðar er Tove Krogh þroskaprófið lagt fyrir nemendur 1. bekkjar af sálfræðingi Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu. Umsjónarkennari 1. bekkjar, sérkennari skólans, sálfræðingur og kennsluráðgjafi Skólaþjónustunnar meta niðurstöður prófsins og bregðast við þeim eins og þurfa þykir. Sérkennari skólans leggur *Leið til læsis* skimunarpróf í lestri fyrir nemendur 1. bekkjar í byrjun október, í ár lagði umsjónarkennari 1. bekkjar prófið fyrir bekkinn. Hluti af Logos lestrargreiningarforriti er lagður fyrir nemendur 6. bekkjar í febrúar og nemendur 3. bekkjar í apríl. Einnig er hluti af Talnalykli, stöðluðu og markbundnu stærðfræðiprófi, lagt fyrir sömu bekki, 3. bekk í nóvember og 6. bekk í febrúar. Niðurstöðurnar eru notaðar til að meta stöðu bekkjanna og hvort þörf sé á frekari greiningu hjá einstökum nemendum. Kennsluráðgjafi Skólaþjónustunnar leggur GRP-14 sem er greinandi ritmálspróf árlega fyrir 9. bekk á haustönn. Nemendum sem lenda í slakasta hópnum (af þremur) er vísað áfram í einstaklingsgreiningu að fengnu samþykki foreldra.

7. Nemendur og líðan

Það má segja að skólastarfið snúist að mestu um líðan nemenda eins og sjá má í leiðarljósi skólans. Líðan og velferð nemandans snýr að mörgum sviðum s.s. skólabrag, samskiptum við kennara, bekkjaranda og almennu heilbrigði. Skólinn leggur metnað sinn í að mæta þessum kröfum eftir bestu getu og tryggja að nemendum líði vel í skólanum og byggist upp á heilsteypnan máta til framtíðar.

Skólinn notar m.a. sjálfsmatskerfi Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Líður í því er að spyrja nemendur í 6. – 10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla- og bekkjaranda. Starfsfólk skólans hefur vakandi augu yfir líðan nemenda og leitar orsaka og leiða til uppbyggingar og úrbóta ef þurfa þykir.

Ekki eru fastir ART-tímar í töflu en ART-ið er tvinnuð inn í nám og leik í öllu skólastarfi hjá yngstu nemendum skólans þar sem unnið með félagsfærni, sjálfstjórnun og siðfeðisþjálfun.

Á miðstigi er lífsleiknitíminn á föstudögum oft nýttur í bekkjarsfundi þar sem tekið er á ýmsum málum líðandi stundar, þar er einnig unnið með sjálfsmynd, félagsfærni og bekkjarandann.

7.1 Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda á unglingastigi er í höndum nemendaráðs og þeirra kennara er sinna félagsmálum. Aðra hverja viku er opið hús eða annars konar skemmtun í skólanum klukkan 19:30 – 22:00. Á móti því er opið eitt kvöld í Hellinum, félagsmiðstöð sveitarfélagsins, sem er staðsett í í kjallaranum á Verkalýðshúsinu. Í félagsmiðstöðina koma nemendur 8.-10. bekkja beggja skólanna í sveitarfélaginu, Grunnskólans Hellu og Laugalandsskóla. Einnig er félagsmiðstöðin opin einu sinni í viku fyrir miðstigið.

Fjórar skemmtanir á ári eru haldnar sameiginlega af grunnskólunum þremur í Rangárþingi, þ.e. Grunnskólanum Hellu, Laugalandsskóla og Hvolsskóla fyrir unglingastig. Þær eru haustball, íþróttahátíð, listahátíð og árshátíð. Skólarnir skiptast á um að halda þessar skemmtanir.

Bekkjarkvöld eru tvisvar á vetri í hverjum bekk, eitt fyrir jól og eitt eftir jól.

7.2 Nemendaráð

Nemendaráð er skipað fulltrúum úr 8. – 10. bekk (tveir úr 8. og 9.b en þrír úr 10.b.). Fundir eru haldnir reglulega undir stjórn kennara. Kennarinn er tengiliður ráðsins við stjórnendur og sér hann um fræðslu varðandi starfsemi og hlutverk nemendaráðs.

7.3 Ástundun nemenda

Reglur er varða mætingar nemenda voru endurskoðaðar haustið 2014. Reglurnar voru unnar af stjórnendum skólanna í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu í samvinnu við Skólaþjónustuna. Þessi samræming á mætingareglum skólanna var gerð að ósk Félagsþjónustunnar á svæðinu. Nemendur byrja með ástundunareinkunnina 10,0 að hausti. Einkunnin lækkar komi nemendur of seint, eru án námsgagna, eru fjarverandi án leyfis eða er vísað úr tíma. Nemendur geta sótt um hækkun ástundunareinkunnar einu sinni í mánuði á þar til gerðu eyðublaði. Hafi nemendur hreint borð í tvær vikur eftir umsókn um hækkun hækkar einkunnin um 1,0. Hægt er að fylgjast með ástunduninni á Mentor. Umsjónarkennarar fylgjast með ástundun nemenda og hafa samband við foreldra hvað varðar skólasókn nemenda.

Á skólaárinu 2016 – 2017 eru 90 % nemenda í 6. – 10. bekk með ástundunareinkunn yfir 9,0.

8. Starfsfólk og starfsmannastjórnun

Eins og að framan segir, þá starfar 31 starfsmaður við Grunnskólann á Hellu á skólaárinu 2016 – 2017.

Starfsmannafundir/kennarafundir eru haldnir hálfsmánaðarlega og á móti þeim eru haldnir stigsfundir kennara. Starfsmenn skiptast á um fundarstjórn á starfsmannafundunum og er dagskrá fundanna hengd upp á tilkynningatöflu á kennarastofu. Fundargerðir eru vistaðar á sameiginlegu tölvusvæði. Þegar fundargerðir hafa verið samþykktar eru þær prentaðar á löggiltan skjalapappír og geymdar í sérstakri möppu hjá skólastjóra. Í stað hefðbundinnar SVÓT greiningar meðal starfsmanna sem umbótaáætlun hefur byggt á undanfarin ár var fundað um umbótaáætlun 2016-2017 á stigsfundum.

Stefna skólans við nýráðningar starfsmanna er að laða að vel menntað, metnaðarfullt og gott starfsfólk. Stjórnendum er það metnaðarmál að nýta allan mannauð skólans til fulls og að starfsfólk njóti góðrar og gagnlegrar símenntunar og ráðgjafar frá fagaðilum. Skólinn nýtir sér m.a. endurmenntunarframboð Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu auk annarra námskeiða sem ætluð eru kennurum og/eða öðrum starfsmönnum skólans. Símenntunarstefnu má sjá á heimasíðu skólans: <http://grhella.is/index.php/stefna-skolans/842-simenntunarstefna>

Starfsmenn skólans afla sér einnig aukinnar þekkingar með heimsóknum í aðra skóla bæði innanlands og erlendis. Sama er að segja um ráðstefnur af ýmsu tagi sem ætlaðar eru fyrir starfsmenn grunnskóla.

Kennarar leita til skólastjórnenda, stigsstjóra, sérkennara og/eða skólasálfræðings ef upp koma erfiðleikar í málum er lúta að kennslunni og/eða ástundun nemenda.

Starfsmannasamtöl fara fram í febrúar á hverju ári.

9. Aðbúnaður

Það húsnæði sem Grunnskólinn á Hellu hefur haft til umráða síðastliðin ár er um 8600 fermetrar. Frá og með síðasta hausti var skóladagheimilið fært úr Útskálum 2 yfir í 144 fermetra bráðabirgðar húsnæði sem skólinn fékk fékk til afnota fyrir nokkrum árum. Íþróttahús og sundlaug eru í næsta húsi við skólann.

Nýleg smíðastofa er nú starfrækt í Selinu og textíl-, myndmennta- og heimilisfræðistofur eru í kjallara aðalbyggingar skólans og er ástand þeirra gott. Bókasafn er miðsvæðis í skólahúsinu og er safnkostur góður. Bókasafnið er útbúið með ágætum tölvubúnaði sem gestir safnsins geta fengið aðgang að. Kennslustofur á barnaskólagangi hafa flestar verið endurbættar. Nýtt anddyri við barnaskólann var tekið í notkun fyrir nokkrum árum og er það til mikilla bóta. Tölvubúnaður skólans var allur endurnýjaður og bættur við upphaf skólaársins 2013 og er nú unnið að því að meta þörf skólans á endurnýjun og viðhaldi tölvubúnaðar. Segja má að aðbúnaður varðandi tölvur sé viðunnandi. Kennarar skólans hafa afnot af spjaldtölvu eða fartölvu við vinnu sína í skólanum eða heima við undirbúning kennslunnar.

Vinnuaðstaða kennara er á efri hæð kennarastofu. Þar eru m.a. fjórar tölvur, prentarar, nýleg ljósritunarvél og ýmis önnur tæki. Á neðri hæð kennarastofu eru tvær tölvur sem ætlaðar eru kennurum og öðrum starfsmönnum. Einnig hafa kennarar aðstöðu til undirbúnings í kennslustofum og bókasafni eftir að kennslu lýkur. Allir nemendur í 8. – 10. bekk hafa aðgang að geymsluskáp á miðgangi sér að kostnaðarlausu. Þeir hafa líka aðgang að sófum á göngum og borðtennisborðum sem hafa jákvæð áhrif á félagsleg samskipti nemenda að mati starfsfólks. Eftirlitsmyndavélar vakta ganga, anddyri og hluta af skólalóð.

10. Stjórnun

Dagleg stjórnun Grunnskólans á Hellu er í höndum skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Húsvörður annast viðhald og hefur umsjón með skólahúsnæðinu. Árgangastjórar (stigstjórar) samræma vinnulag á öllum stigum skólans. Skólastjórnendur hafa mikið samráð sín á milli og er ákveðin verkaskipting á milli þeirra. Auk þess sem skólastjóri tekur þátt í skipulagi kennslunnar, sér hann um fjármál skólans og áætlunargerð þar að lútandi. Hann annast einnig utanumhald á launaskýrslum og fleiri þáttum er snúa að vinnu starfsmanna. Skólastjóri kemur einnig að málum er varða einstaka nemendur og samskipti við foreldra þeirra. Skólastjóri sinnir einnig flestum ytri tengslum og samskiptum t.d. við sveitarstjórn, launafulltrúa o.fl. Aðstoðarskólastjóri starfar meira inn á við varðandi skipulagningu kennslu og forfallakennslu og er því sýnilegri á göngum skólans. Aðstoðarskólastjóri er tengill við starfsmenn, hefur yfirumsjón með skólasamfellu í 1.-4.bekk, hefur umsjón með Mentorkerfinu og innkaupum á námsgögnum. Deildarstjóri hefur yfirumsjón með stoðþjónustu/sérkennslu skólans, er tengill við starfsmenn Skólaþjóustunnar og hefur yfirumsjón með innra mati skólans. Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sjá einnig um heimasíðu skólans og upplýsingagjöf til foreldra og fjölmiðla.

Skólastjórnendur leitast við að hafa við skólann metnaðarfullt og hæft starfsfólk. Lögð er áhersla á að búa starfsfólki skólans góða vinnuaðstöðu og búnað auk þess að skapa góðan starfsanda. Kennarar eru hvattir til fjölbreyttra kennsluhátta og fá þeir ákveðið frelsi og svigrúm til að útfæra sínar hugmyndir í kennslustofunni. Hver kennari býr því við ákveðið sjálfstæði til að koma með skapandi hugmyndir og sýna frumkvæði í skólastarfinu. Ef upp koma agavandamál í skólanum taka stjórnendur virkan þátt í að leysa þau.

Skólastjórnendur fylgjast náið með innra starfi skólans. Ýmis ráð og nefndir starfa innan skólans sem útfæra hugmyndir stjórnenda og ályktanir starfsmannafunda og/eða koma með ábendingar sem ræddar eru á fundum.

Skólaráð er skólastjóra til ráðuneytis og eru fundargerðir þess birtar á heimasíðu skólans. Nemendaverndarráð fundar reglulega. Í því sitja skólastjóri, deildarstjóri, sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi félagsþjónustunnar.

11. Ytri tengsl

Samvinna við heimili og grenndarsamfélag er mikilvægur þáttur skólastarfsins sem lögð er rækt við eftir föngum. Við skólann starfar skólaráð og foreldrafélag.

Verkefnið Bæjarhellan er orðið árvisst verkefni sem unnið er í skólanum. Þetta verkefni er m.a. liður í því til að efla tengslin við grenndarsamfélagið því leitað er eftir þátttöku íbúa Rangárbings ytra varðandi efni og vinnslu. Lokadaginn er þorpið, Bæjarhellan, opnuð og afraksturinn sýndur og seldur. Í ár var Bæjarhellan keyrð dagana 21.-23.mars. Almenn ánægja var með að hafa markaðsdag/lokadag í Íþróttahúsinu í fyrra og var það því endurtekið. Sú staðsetning gerir alla umgjörð markaðanna rýmri og því þægilegra að taka á móti fleiri gestum.

Á heimasíðu skólans er að finna mikið magn upplýsinga um skólann og skólastarfið. Deildarstjóri sér um reglulegan fréttáflutning úr skólastarfinu á forsiðu vefsins og aðstoðarskólastjóri hefur yfirumsjón með Mentorkerfi skólans. Í febrúar 2017 var opnuð facebook síða fyrir Grunnskólann Hellu og er hún hugsuð til að vekja athygli á því starfi sem fram fer í skólanum ásamt því að koma á framfæri ýmsum upplýsingum og fræðsluefni m.a. af heimasíðu skólans.

12. Mat á skólastarfinu

Til að meta árangur og skólastarfið almennt er skólinn í samstarfi við Skólapúlsinn sem gerir árlega kannanir fyrir grunnskóla landsins. Skólapúlsinn gerir nemendakönnun í október og apríl og foreldrakönnun og starfsmannakönnun að vori. Einnig framkvæmir Skólapúlsinn samantekt á niðurstöðum á samræmdum prófum skólans. Þessar kannanir eru unnar af fagmönnum og gefa mikilvægan samanburð við aðra skóla þar sem stór hluti grunnskóla landsins tekur þátt í þessum könnunum. Við mat á skólastarfinu í ár er litið til stigsfunda, starfsmannafunda, skólaráðsfunda og funda hjá innra mats nefnd og umbótaáætlun gerð út frá því sem þar kemur fram. Í stað hefðbundinnar SVÓT greiningar meðal starfsmanna sem umbótaáætlun hefur byggt á var unnið með heimanámsstefnu skólans og hugmyndir kennara/starfsmanna um val á elsta stigi fyrir næsta skólaár. Stefnt er að því að leggja niðurstöður skólapúls nemenda fyrir 7.-10. bekk á komandi hausti

og fá þá hugmyndir nemenda að umbótum. Í eftirfarandi töflu er samantekt úr nemendakönnun (2016-2017), og starfsmannakönnun (2017) Skólapúlsins.

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar-sóknartækifæri
	1.Virkni nemenda í skólanum.	
	• Ánægja af lestri (hefur aðeins dalað frá í fyrra en er þó meiri en á landsvísu) • Þrautseigja í námi (hefur aukist frá í fyrra.) Þrautseigja í námi minnkar þegar líða tekur á skólaári. • Ánægja af náttúrufræði, eykst þegar líða tekur á skólaári. • Trú á eigin námsgetu.	• Áhugi á stærðfræði. • Lítill áhugi á stærðfræði hjá stelpum sérstaklega í 8.b. • Trú á eigin vinnubrögðum í námi.
Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar-sóknartækifæri
	2.Líðan og heilsa nemenda	
• Yfir 80% nemenda finnst þeir vera að mk.jafn mikils virði og aðrir og hafa marga góða eiginleika. • 85% nemenda finnst þeir geta gert næstum allt sem þeir einbeita sér að.	• Sjálfsálit nemenda. • Vellíðan nemenda eykst innan skólaársins. • Tíðni hreyfingar hjá nem. • Einelti mælist minna milli ára. • Þegar horft er til síðustu 30 daga áður en könnunin er tekin eykst tíðni eineltis milli ára. Einnig eykst tíðni eineltis frá okt.til apríl og er þar marktækur munur hjá stelpum í 6. og 9.bekk. • Holtt matarræði.	• <u>16% nemenda finnst þeir misheppnaðir.</u> • 11% nemenda finnst þeir ekki geta gert margt jafn vel og aðrir. • 19% nemenda eru ekki ánægðir með sjálfan sig. • 39% nemenda finnst þeir ekki skipta neinu máli fyrir aðra. • 37% nemenda finnst í raun útilokað að leysa úr sumum vandamálum sínum.

		• <u>43% nemenda finnst að aðrir stjórni lífi þeirra of mikið.</u> • <u>26% nemenda finnst þeir hafa litla stjórn á því sem kemur fyrir þá í lífinu.</u> • 50% nemenda vita ekki hvað þeir eiga að gera þegar þeir standa frammi fyrir vandamálum í lífinu. • 21% nemenda hafa oft áhyggjur. • 11% nemenda eru oft daprir. • 10% nemenda eru oft niðurdregnir. • 12% nemenda eru oft reiðir. • 24% nemenda eru oft stessaðir. • Stelpur í 9. og 10. bekk telja sig verða fyrir einelti sem birtist með - baktali (36%) - skilin útundan (11%) - eh.særandi sagt (23%) - hvernig látið er við þær (20%) - eh.sagt á netinu(11%) • Eineltið hefur átt sér stað (mest tíðni efst/minnst tíni neðst.) - í frímínútum inni/úti. - í kennslustund. - í íþróttatímum - á netinu. - í hádegishléi. - á leiðinni til og frá skóla. - í búningasklefum.
--	--	---

		(undirstrikað lækkun, feitletrar hækkun frá því í okt.2016)
--	--	---

- Ástæður fyrir áhyggjum og stressi nemenda: próf, heimanám, námsefni, stærðfræði, fótbolti, skólaböll, vinkonur, að eiga enga féлага og félagsstarf og íþróttir eftir skóla.
- Tíðni eineltis á síðustu 30 dögum áður en könnunin er tekin 6,6 % 1x, 6,6 % 2-3x, 3,7% 4-5x, 6-7x, 8-9x og 19-11x mælist ekki, 0,7% 12x. 82,4% nemenda segjast aldrei hafa verið lagðir í einelti í Grunnskólanum Hellu.

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar-sóknartækifæri
	3.Skóla- og bekkjarandi.	
• Agi í tímum þó þarf kennarinn oft að bíða eftir að róist inn í kennslustund og nemendur hlusta ekki alltaf á það sem kennarinn segir. • Heimanám hluti af lokaeinkunn nemenda.	• Virk þátttaka nemenda í tímum. • Mikilvægi heimavinnu í náminu. • Samband nemenda við kennara.	• Samsömun við nemendahópinn í 9. og 10. bekk. • 11% nem.líður eins og þeir séu skildir útundan. • 23% nem.eiga ekki auðvelt með að eignast vini. • 20% nem.finnst þeir ekki tilheyra hópnum. • 32% nem.líður kjánalega eins og þeir passi ekki við hina. • 13% nem.finnst að öðrum líki ekki vel við þá. • 19% nem.eru einmanna. • <u>12% nem.eru óhamingjusamir.</u> • 18% nem.finnst ekki allt í besta lagi. • Samband nem.við kennara(stúlkur 8.b) • 32% nemenda finnst heimanámið ekki áhugavert.

Samantekt úr skólapúlsinum október 2016 og apríl 2017 (Hér eru upptalin atriði sem birtast oftar en 5 sinnum í svörum nemenda.)

Hvað er gott við skólann	Hvað er slæmt við skólann
Vinirnir mínir Góðir og skemmtilegir krakkar Góðir, hjálpsamir og skemmtilegir kennarar Góður matur Lítið af einelti og vel tekið á eineltismálum Frímínútur Íþróttir og sund Gaman í skólanum	Ekkert Of mikil heimavinna Ósanngjarnir/leiðinlegir og strangir kennarar Einelti/ekki tekið á einelti. Gardínur. Húsbúnaður.

Unnið í nóvember 2016 og maí 2017

Særún Sæmundsdóttir og Guðrún Bára Sverrisdóttir

Mat á skólastarfi Skólapúls viðhorfskönnun starfsmanna í mars 2017

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar sóknarfæri.
	Allir starfsmenn almennt.	
Starfsmannaviðtöl eru gagnleg.	Tíðni eineltis mælist undir meðaltali meðal starfsfólks.	- Fleiri starfsmannaviðtöl. 16% starfsfólks finnst það hafa orðið fyrir áreitni frá nemendum eða foreldrum. 4% starfsfólks finnst það hafa orðið fyrir einelti frá nemendum eða foreldrum á síðustu 12 mánuðum.

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar- sóknartækifæri
	Allir starfsmenn-viðhorf til skólans.	
- Góð stjórnun. - Mjög góður starfsandi. - Starfsfólk veit til hvers er ætlast af þeim í vinnunni. - Starfsfólk er stolt af starfi sínu. - Starfsfólki er treyst til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í starfi og sýna frumkvæði. - Starfsfólk telur sig búa við starfsöryggi. - Vel tekið á móti nýju starfsfólki. - Starfsfólk ber traust til yfirmanns síns. - Sveigjanleiki til að samræma starf og einkalíf.	- Hæfni starfsfólks er vel nýtt í starfi. - Jafnræði og jafnrétti gagnvart starfsmönnum. - Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli. - Starfsfólk þekkir markmið og stefnu skólans og fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt. - Vinnuaðstaða.	- Upplýsingastreymi innan skólans. - Handleiðsla nýrra starfsmanna ábótavant. - Álag í starfi.

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar- sóknartækifæri
	Kennarar- kennarastarfið.	
- Kennarahópurinn er ángæður í starfi. - Fjölbreytt blöndun nemendahópa í kennslu. - Sjálfstæð vinna nemenda eftir áætlunum. - Heimanám.	- Kennarar telja sig -eiga auðvelt með að ná til nemenda. -ná góðum árangri með nemendum í bekknum. - Kennarar hafa áhuga á því sem nemendur hafa að segja. - Upplýsingamiðlun til foreldra. 71% kennara undirbýr kennslu aðallega í skólanum.	- Sjálfstæð vinna nemenda eftir eigin markmiðum og áætlunum. - Mikið af hefðbundnum prófum en lítið horft til staðlaðs mats - Fjölbreyttara námsmat. -jafningjamat. -sjálfsmat. -foreldramat.

	- Einstaklingsmiðuð kennsla. - Hefðbundin próf. - Leiðsagnarmat og símat.	
--	---	--

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar sóknartækifæri
	Kennarar-starfsumhverfi kennara.	
- Mjög góður stuðningur vegna nemenda með hegðunarörðugleika. - Góð valdadreifing við ákvarðanatöku innan skólans. - Góður aðgangur að ráðgjöf sérfræðinga (skólaþjónusta/sérkennara) - Góðar vinnuaðstæður.	- Góður stuðningur vegna nemenda með námserfiðleika. - Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara. - Samráð um skipulag náms sem tengir saman ólíkar námsgreinar. - Virk samvinna um skólarþróun og umbætur.	Samráð/samvinna kennara um kennslu.

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar sóknartækifæri
	Kennarar-mat og endurgjöf.	
	- Mat og endurgjöf stjórnenda í daglegu starfi innan meðaltals. - Sanngirni mats og endurgjafar stjórnenda.	Kennarar nýta sér ekki mat og endurgjöf stjórnenda.

Sterkar hliðar	Í jafnvægi miðað við aðra skóla	Veikar hliðar- sóknartækifæri
	Kennarar-símenntun kennara.	
	Símenntunarþörf kennara.	- Þátttaka í símenntun kennara. - Kallað eftir fleiri námskeiðum/fyrirlestrum, m.a.: - á markmiðum og inntaki aðalnámskrár. -námsmati. -nýjung og þróun í kennslufræðum. -upplýsinga og samskiptatækni. -kennslu nem.með sérþarfir. -kennslu í fjölmennings- umhverfi. -foreldrasamstarf. (var hjá Skólþjónustunni í mars) - Hindranir kennara við að taka þátt í símenntun -of kostnaðarsamt. -lítið svigrúm vegna vinnutíma. -fjölskylduaðstæður. -ekki í boði áhugaverðir kostir.

Hvað er gott við skólann	Hvað er slæmt við skólann eða má gera betur.
- Góður starfsandi. - Liðlegir/sanngjarnir stjórnendur.	- Allar starfstöðvar skólans ekki undir sama þaki. - Tölvur og tækni ekki alltaf að virka. - Fjölbreyttari kennsluaðferðir fyrir nem.sem eiga erfitt með bóknám. - Upplýsingaflæði milli kennara og stuðningsfulltrúa.

Unnið í apríl 2017

Særún Sæmundsdóttir og Guðrún Bára Sverrisdóttir

13. Ógnanir

Vorið 2017 fór SVÓT greining ekki fram í skólanum og því koma engar ógnanir fram í skýrslunni en vísað er í skýrslu ársins 2014-2015 þar sem eitthvað af ógnunum á enn við. Í umbótaáætlun ársins 2017-2018 er gert ráð fyrir SVÓT greiningu hjá starfsmönnum Grunnskólans á Hellu á miðönn á næsta skólaári.

14. Umbætur

Umbótaáætlun var send á alla starfsmenn skólans í júní 2016 ásamt sjálfsmatsskýrslu sem þá var birt á heimsíðu skólans. Á starfsmannafundi í september 2016 var starfsmönnum uppálagt að vinna að þeim úrbótum sem þar komu fram. Verkáætlun til þriggja ára (2017-2020) um sjálfsmat í Grunnskólanum Hellu (sjá fylgiskjal 1) var lögð fyrir starfsmannafund 10.janúar 2017 og samþykkt.

Í október 2016 var það lagt fyrir stigsfundi að fara yfir umbótaáætlun vetrarins og bóka um hvað væri í gangi, hvað ætti eftir að framkvæma og hvað væri óframkvæmanlegt. Guðrún Bára sem situr í innramatsnefnd fékk það hlutverk að taka niður á starfsmannafundum skólaársins þau atriði sem telja má að séu umbætur eða verkefni sem verið er að framkvæma í vetur. Í meðfylgjandi töflu (sjá fylgiskjal 3) eru taldar upp þær umbætur sem framkvæmdar hafa verið á skólaárinu 2016-2017 ásamt hugmyndum að umbótum fyrir skólaárið 2017-2018, þessar hugmyndir hafa verið ræddar á innra mats fundum og lagðar fyrir starfsmannafund til samþykktar.

15. Niðurstöður

Ljóst er að þær kannanir sem skólinn hefur farið í gegnum á skólaárinu eru nokkuð yfirgripsmiklar og flest svið skólans verið skoðuð. Sumt í skólastarfinu er þó ekki hægt eða afar erfitt að mæla. Kannanir Skólapúlsins og greiningin meðal starfsmanna á stigs- eða starfsmannafundum virðast þó nýtast vel til að fá yfirsýn yfir skólastarfið, meta það og leita lausna við að bæta það sem þarf. Sú nýbreytni sem stefnt er að á næsta skólaári að skoða niðurstöður skólapúlsins með nemendum og foreldrum ætti líka að gefa nýja og bættu sýn á það.

Undir lið 12 í skýrslunni er samantekt á niðurstöðum úr þeim könnunum sem gerðar hafa verið í skólanum. Þær niðurstöður tala að mestu sínu máli og þarf í sjálfu sér ekki að túlka þær sérstaklega. Niðurstöður skólapúlsins ásamt greiningum starfsmanna á stigs- og starfsmannafundum er það sem stýrihópur innra mats studdist við þegar umbótaáætlun næsta

skólaárs var gerð. Eins og áður sagði miðar umbótaáætlun að því að finna lausnir á þeim veikleikum sem fram komu í könnunum Skólapúlsins. Þó er eðlilegt að fjalla stuttlega um og svara þeim matsspurningum sem var lagt upp með í skýrslunni.

15.1 Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?

Sjórnun skólans er í föstum skorðum þar sem áratuga hefðir hafa fest sig í sess eins og skólaútlit í desember, hátíðir skólans, samkennsla, útikennsla, trjáplöntun o.s.frv. Í grunninn er daglegur gangur í skólastarfinu hefðbundinn en innan þess ramma eru kennarar hvattir til að sýna frumkvæði til að útfæra sínar leiðir í kennslunni og móta þannig skapandi skólastarf. Stefna skólans er nokkuð skýr og hefur skólinn ákveðna sérstöðu varðandi áherslu á útikennslu, náttúruna og tengsl við heimabyggðina. Skólinn leggur áherslu á almennt heilbrigði nemenda og stuðlar að heilbrigðum lífsstíl. Skólinn er vottaður sem handhafi Grænánans. Skólinn hefur sett sér jafnréttis- og mannréttindaáætlun sem kennarar hafa til hliðsjónar inn í námsgreinar ásamt lestrarstefnu sem birt er á heimasíðu skólans. Starfsmenn skólans vita til hvers er ætlast til af þeim í vinnunni, eru stoltir af starfi sínu og bera traust til yfirmanna sinna.

15.2 Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?

Almennt má segja að nemendum líði vel í skólanum og virðist tíðni eineltis fara stig minnkandi. Hópeflisferðir bekkja, teymi innan skólans, samvinna á stigum, félagsstarf á stigum og fyrirlestrar hafa væntanlega gert sitt til að bæta stöðuna. Mikilvægt er að allt skólasamfélagið taki höndum saman um að efla samkennd, stuðla áfram að bættum jákvæðum samskiptum og útrýma einelti. Starfsmönnum skólans finnst vera góður starfsandi í skólanum og að í boði sé sveigjanleiki til að samræma starf og einkalíf.

15.3 Stuðlar skólinn að framförum og áhuga á lestri?

Niðurstöður Skólapúlsins sýna að nemendur hafa mikla ánægju af lestri og er mikilvægt að viðhalda þeim áhuga með góðu aðgengi nemenda að bókum/lesefni og tækifærum til að lesa sér bæði til ánægju og fróðleiks. Lestraráætlun Grunnskólans á Hellu styður áframhaldandi vinnu við að hvetja til lestrar, styðja við þá sem það þurfa og gera nemendur enn betur læsa.

15.4 Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?

Skólinn leggur áherslu á almennt heilbrigði nemenda. Með umhverfisfræðslu og útivist leitast skólinn við að stuðla að heilbrigðum lífsstíl auk samfellu í íþrótt- og tómstundastarfi fyrir bekkji á yngsta stigi. Hlutfall nemenda í tómstundabjónustu og/eða á frístundaheimili er langt yfir landsmeðaltali. Reykingar ásamt áfengis- og vímuefnavandamálum þekkjast ekki í skólanum. Ánægja er með mötuneyti skólans og hátt hlutfall nemenda sækir það miðað við það sem gerist í öðrum skólum.

15.5 Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?

Í grunninn er daglegur gangur í skólasterfinu hefðbundinn en innan þess ramma hafa kennarar svigrúm til að útfæra sínar leiðir í kennslunni. Með þessum sveigjanleika leynist möguleiki á fjölbreytni í kennslu sem kennarar nýta sér að ákveðnu marki innan og milli árganga.

Töluvert af vinnu nemenda fer fram í samstarfi þvert á bekkji. Má þar nefna sýningar og kynningar á vinnu nemenda milli bekkja á yngsta stigi, SNS á miðstigi, sameiginlega íþróttatíma í öllum bekkjum og valgreinar á unglingastigi. Þessi atriði hafa m.a. jákvæð áhrif á skólabraginn.

Áhersla er á að koma til móts við þarfir allra nemenda, þar á meðal nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku. Við skólann starfar pólskur kennari og tælenskur stundakennari sem sjá um móðurmálakennslu í pólsku og tælensku. Aðlögun nemenda með annað móðurmál en íslensku verður að teljast góð og árekstrar ekki til staðar en benda má á mikilvægi þess að uppfylla túlkabjónustu sérstaklega fyrir tælenska nemendur. Bekkir skólans eru hæfilega stórir þannig að auðveldara er fyrir kennara að fylgjast með námsframvindu hvers nemanda og mæta þörfum hans. Stoðkerfi skólans reynist vel og þar fær hver og einn nemandi einstaklingsbundna námsskrá.

Námsárangur og framfarastuðull nemenda í samræmdum prófum milli ára er eðlilegur því yfir fimm ára meðaltöl er Grunnskólinn á Hellu á bilinu 0,99-1,01 sem teljast venjulegar framfarir. Í ytra mati skólans kemur fram að árangur nemenda í 4. og 7. bekk hefur dalar og er undir landsmeðaltali 2016, þar er horft sérstaklega til árangurs í stærðfræði. Niðurstöður samræmdu prófanna eru stöðugt til umræðu innan skólans.

Í október og nóvember voru lögð fyrir greiningarpróf í lestri og stærðfræði hjá 3. og 6. bekk og niðurstöður þeirra nýttar bæði fyrir bekkina og einstaklinga.

Eins og fram kemur í kaflanum um umbætur eru tækifæri skólans fjölmörg til að bæta námsumhverfi og koma til móts við mismunandi þarfir nemenda t.d. fyrirhugaðar starfendarannsóknir, þróunarvinna varðandi kennsluáætlanir og námsmat í mentor, samstarfsfundir og heimanámsaðstoð til að bæta áhuga og framfarir nemenda á stærðfræði o.fl.

Viðaukar

16.1 Húsnæðismál skólans

Miklir möguleikar, til að mæta kröfum samtímans, felast í framtíðarhönnun á húsnæði skólans og er nauðsynlegt að fara í þarfagreiningu og stefnumótun varðandi það.

16.2 Fylgiskjal 1

Sjálfsmat í Grunnskólanum Hellu.

Verkáætlun.

Sjálfsmat

Verkáætlun þessi um sjálfsmat í Grunnskólanum Hellu er gerð samkvæmt fyrirætlum laga um grunnskóla nr. 91/2008:

Úr lögum nr. 91 12. Júní 2008:

VIII. kafli

Mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

35.gr. Markmið.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

36. gr. Innra mat.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Með virku innra mati skóla skapast grundvöllur fyrir markvissri skoðun á árangri og leiðum til úrbóta og upplýsingagjöf um starfsemina. Áætlunin nær til þriggja ára frá upphafi haustsins 2017 til og með vorsins 2020.

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans, stoðþjónustu og samskipta við aðila utan

skólans sem honum tengjast. Sjálfsmatið er unnið í tengslum við skólanámskrá.

Niðurstöður matsins verða jafnharðan leiðbeinandi fyrir umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemin

varðar. Starfsmannakannanir og foreldrakannanir eru lagðar fyrir til skiptis annað hvert ár að öllu jöfnu en á hverju ári ef innra mats nefndin telur það nauðsynlegt.

Þátttakendur í innra mati

Yfirumsjón sjálfsmats Grunnskólans Hellu er í höndum skólastjóra og verkefnisstjóra innra mats. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni, bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til framkvæmda.

Stigstjórar hafa umsjón með þáttum sem varða viðkomandi stig og verkefnastjóri innra mats kemur til þeirra.

Starfandi er innra matsnefnd sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu, og gerir tillögur um umbótaáætlanir. Í innra matsnefnd eru auk skólastjóra og verkefnisstjóra innra mats; fulltrúi aðstoðarskólastjóra/deildarstjóra, einn fulltrúi kennara og einn fulltrúi annars starfsfólks. Gæta ber að hafa jafnt kynjahlutfall og eðlilega dreifingu milli bóklegra-/verklegra- og listgreina.

Áætlun um framvindu sjálfsmats Grunnskólans Hellu 2017-2020

ágúst – september 2017

Innra mats skýrsla lögð fram á kennarafundi ásamt umbótaáætlun/ábendingum um umbætur. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimsíðu skólans. Verkefnisstjóri innra mats skipaður ásamt fulltrúa kennara og fulltrúa annars starfsfólks.

ágúst 2017-maí 2018

Starfsmannafundir haldnir hálfsmánaðarlega. Verkefnastjóri innra mats heldur utan um þau atriði sem fram koma þar og snúa að innra mati, s.s. umbætur sem verið er að vinna að á skólaárinu.

október 2017- apríl 2018

Skólapúlsinn sem kannar líðan og viðhorf nemenda, lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmanna-/stigs-/skólaráðsfundum þar sem skráðar eru hugmyndir að umbótum.

Nóvember-desember 2017

Niðurstöður samræmdra prófa. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmanna-/stigsfundum og eftirfylgni ákveðin í kjölfarið.

febrúar-mars 2018

Viðhorfsskönnun foreldra. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmanna-/stigs-/skólaráðsfundum og eftirfylgni ákveðin í kjölfarið.

Mars-apríl 2018

Starfsmannasamtöl/starfsþróunarsamtöl kennara og stjórnenda.

apríl – maí 2018

Svót greining meðal starfsfólks, innramatsnefnd vinnur úr niðurstöðum. Drög að sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun liggja fyrir.

maí-júní 2018

Sjálfsmatsskýrsla gefin út, birt á heimasíðu skólans og lög fram til kynningar hjá fræðslunefnd og skólaráði.

Áætlun um sjálfsmat árið 2017-2018

1.ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
Ágúst- September	Innra mats skýrsla - umbótaáætlun	Kynnt á kennarafundi og skólaráði.
Október	Líðan og viðhorfsskönnun nemenda.	Skólapúlsinn í 6.-10.b.
Nóvember - desember	Niðurstöður samræmdra prófa.	Faggreinakennarar í íslensku, stærðfræði og ensku.
Janúar – apríl	Starfsmannasamtöl/starfsþróunarsamtöl.	

Mars - apríl	Viðhorfskönnun foreldra.	Skólapúlsinn
Mars	Líðan og viðhorfskönnun nemenda	Skólapúlsinn í 6.-10.b.
Mars - apríl	Niðurstöður skólapúls	Kynnt á kennarafundi og skólaráði.
Maí	SVÓT-greining Gögn flokkuð og tekin saman í drög að skýrslu.	Viðfangsefni líðandi stundar/ niðurstöður kannana.
Maí- júní	Innra mats skýrsla - umbótaáætlun	Sett á heimasíðu og kynnt fræðslunefnd/skólaráði

Áætlun um framvindu sjálfsmats Grunnskólans Hellu 2018-2019 2. Ár

ágúst-sept 2018

Innra mats skýrsla lögð fram á kennarafundi ásamt umbótaáætlun/ábendingum um umbætur. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimsíðu skólans. Verkefnisstjóri innra mats skipaður ásamt fulltrúa kennara og fulltrúa annars starfsfólks.

ágúst 2018-maí 2019

Starfsmannafundir haldnir hálfsmánaðarlega. Verkefnastjóri innra mats heldur utan um þau atriði sem fram koma þar og snúa að innra mati, s.s. umbætur sem verið er að vinna að á skólaárinu.

október 2018- apríl 2019

Skólapúlsinn sem kannar líðan og viðhorf nemenda, lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmanna-/stigs-/skólaráðsfundum þar sem skráðar eru hugmyndir að umbótum.

Nóvember-deseember 2018

Niðurstöður samræmdra prófa. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmannafundum/stigsfundum og eftirfylgni ákveðin í kjölfarið.

febrúar-mars 2019

Líðan og viðhorfsskönnun starfsmanna. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á á starfsmanna-/stigs-/skólaráðsfundum og eftirfylgni ákveðin í kjölfarið.

janúar-maí 2019

Starfsmannasamtöl/starfsþróunarsamtöl kennara og stjórnenda.

apríl – maí 2019

Svót greining meðal starfsfólks, innramatsnefnd vinnur úr niðurstöðum. Drög að sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun liggja fyrir.

maí-júní 2019

Sjálfsmatsskýrsla gefin út, birt á heimasíðu skólans og lög fram til kynningar hjá fræðslunefnd og skólaráði.

Áætlun um sjálfsmat árið 2018-2019

2.ár

Mánuður	Verkefni	Nánar
Ágúst- September	Innra mats skýrsla - umbótaáætlun	Kynnt á kennarafundi og skólaráði.
Október	Líðan og viðhorfskönnun nemenda.	Skólapúlsinn í 6.-10.b.
Nóvember - desember	Niðurstöður samræmdra prófa.	Faggreinakennarar í íslensku, stærðfræði og ensku.
Janúar – apríl	Starfsmannasamtöl/starfsþróunarsamtöl.	
Mars - apríl	Líðan og viðhorfskönnun starfsmanna.	Skólapúlsinn
Mars	Líðan og viðhorfskönnun nemenda	Skólapúlsinn í 6.-10.b.
Mars - apríl	Niðurstöður skólapúls	Kynnt á kennarafundi og skólaráði.
Maí	SVÓT-greining Gögn flokkuð og tekin saman í drög að skýrslu.	Viðfangsefni líðandi stundar/ niðurstöður kannana.
Maí- júní	Innra mats skýrsla - umbótaáætlun	Sett á heimasíðu og kynnt fræðslunefnd/skólaráði

Áætlun um framvindu sjálfsmats Grunnskólans Hellu 2019-2020 3. ár

ágúst-sept 2019

Innra mats skýrsla lögð fram á kennarafundi ásamt umbótaáætlun/ábendingum um umbætur. Skýrsla og umbótatillögur birtar opinberlega á heimsíðu skólans. Verkefnisstjóri innra mats skipaður ásamt fulltrúa kennara og fulltrúa annars starfsfólks.

ágúst 2019-maí 2020

Starfsmannafundir haldnir hálfsmánaðarlega. Verkefnastjóri innra mats heldur utan um þau atriði sem fram koma þar og snúa að innra mati, s.s. umbætur sem verið er að vinna að á skólaárinu.

október 2019- apríl 2020

Skólapúlsinn sem kannar líðan og viðhorf nemenda, lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmanna-/stigs-/skólaráðsfundum þar sem skráðar eru hugmyndir að umbótum.

nóvember-desember 2019

Niðurstöður samræmdra prófa. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmannafundum/stigsfundum og eftirfylgni ákveðin í kjölfarið.

janúar-maí 2020

Starfsmannasamtöl/starfsþróunarsamtöl kennara og stjórnenda

febrúar-mars 2020

Viðhorfsskönnun foreldra. Úrvinnsla gagna og niðurstöður kynntar á starfsmanna-/stigs-/skólaráðsfundum og eftirfylgni ákveðin í kjölfarið.

apríl – maí 2020

Svót greining meðal starfsfólks, innramatsnefnd vinnur úr niðurstöðum. Drög að sjálfsmatsskýrslu og umbótaáætlun liggja fyrir

maí-júní 2020

Sjálfsmatsskýrsla gefin út, birt á heimasíðu skólans og lög fram til kynningar hjá fræðslunefnd og skólaráði.

Áætlun um sjálfsmat árið 2016-2017**3.ár**

Mánuður	Verkefni	Nánar
Ágúst- September	Innra mats skýrsla - umbótaáætlun	Kynnt á kennarafundi og skólaráði.
Október	Líðan og viðhorfskönnun nemenda.	Skólapúlsinn í 6.-10.b.
Nóvember - desember	Niðurstöður samræmdra prófa.	Faggreinakennarar í íslensku, stærðfræði og ensku.
Janúar – apríl	Starfsmannasamtöl/starfsþróunarsamtöl.	
Mars - apríl	Viðhorfskönnun foreldra.	Skólapúlsinn
Mars	Líðan og viðhorfskönnun nemenda	Skólapúlsinn í 6.-10.b.
Mars - apríl	Niðurstöður skólapúls	Kynnt á kennarafundi og skólaráði.
Maí	SVÓT-greining Gögn flokkuð og tekin saman í drög að skýrslu.	Viðfangsefni líðandi stundar/ niðurstöður kannana.
Maí- júní	Innra mats skýrsla - umbótaáætlun	Sett á heimasíðu og kynnt fræðslunefnd/skólaráði

*Lagt fyrir á starfsmannafundi 10. janúar 2017
Særún Sæmundsdóttir og Guðrún Bára Sverrisdóttir*

16.2 Fylgiskjal 2

Þriðjudagurinn 6.desember 2016

Samantekt á fundi varðandi niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk frá því í haust.

Mættir eru: Sigurgeir, Inga, Magdalena, Guðrún Bára, Birta, Hjördís, Særún og Dóra.

Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa og þær bornar saman við einkunnir úr grunnskólanum að vori í sömu grein. Umræður spunnust út frá því .

Í stærðfræði í 4.bekk var munurinn mjög mikill.

Samræmd próf í stærðfræði byggja mikið á lesskilningi.

Samræmd íslensku einkunn helst að einhverju leiti í hendur við lestrareinkunn í 4.bekk. Gæti verið fróðlegt að bera lesskilningseinkunn haustannar 2016 við samræmdu einkunnirnar.

Hvar liggur meinsemdin? Eflaust margt sem veldur en spyrja má hvað það er sem hefur breyst í skólunum sl. 30 ár.

1. Samsetning í nemendahópnum.
2. Lesskilningi nemenda farið aftur.
3. Gerum við nægar kröfur til nemenda?
4. Eru skólaprófin ekki nægilega þung?
5. Er raunhæft að skólinn búi sér til próf fyrir alla bekki, þar sem leitað er eftir þeirri þekkingu sem hver bekkur á að kunna í stærðfræði/íslensku.
6. Á að skipta nemendum upp eftir styrkleikum? Góðir nemendur/slakir nemendur, megum ekki gleyma sterku nemendunum þó styðja þurfi þá sem eru slakir.
7. Þarf miklu meiri samvinnu milli leikskóla og grunnskóla varðandi undirbúning fyrir skólagöngu.

Einnig var rætt um Pisa en þar er Ísland langt undir meðallagi. Höfum ekki fengið í hendur hvar okkar skóli/sveitarfélag stendur miðað við aðra.

Fundarritarar

Birta og Særún.

Þriðjudagurinn 14.mars 2017

Framhaldsfundur á fundi frá 6.des. 2016 v/niðurstaðna samræmdra prófa í 4.og 7.bekk. Mætt eru Birta, Aníta, Hrafnhildur, Magda, Guðrún, Særún, Steinar, Kristín, Inga, Steinar, Dóra, Sigurlína, Hjördís, Björk, Sigurgeir og Samúel.

Sigurgeir benti á slaka niðurstöðu samræmdra prófa sem m.a. birtast í ytra-matsskýrslu.

Á hverjum tíma erum við að glíma við mismunandi hópa/árganga.

1. Þegar bornar eru saman samræmdar einkunnir við skólaeinkunnir kemur fram að áætlað meðaltal er alltaf hærra en einkunn samræmdra prófa. Greinileg mikill/meiri munur á slökum nemendum en sterkum/hærri nemendum. Virðist vera tilhneiging kennara að vera ekki að brjóta slaka nemendur niður með lágum einkunnum, frekar tilhneiging til að tosa upp.

Einkunnaskali sem horft er til þegar meðaltal er fundið út:

A 8,2-10

B 7- 8,1

C+ 6-6.9

C 4-5,9

D 1-3.9

2. Sigurgeir fór yfir niðurstöður samræmdra prófa í Grunnskólanum Hellu frá árinu 2008 og mismun milli ára.

3. Birta benti á að setja þyrfti meiri kröfur á yngri bekki/nemendur bæði í stærðfræði og íslensku. Endurskoða þarf áherslur og byrja t.d. fyrr að kenna margföldun. Virðist fara of langur tími í það á miðstigi að kenna margföldunartöfluna utanbókar, þyrfti að vera búið að kenna nemendum það á yngsta stigi.

4. Miklu meiri áhersla á lesskilning ætti að nýtast í öllum fögum samanber samræmd próf í 4.7.og 10.bekk.

5. Það er engum greiði gerður að gefa of háar skólaeinkunnir.

Fundarritari Særún Sæmundsdóttir.

16.2 Fylgiskjal 3

Innra mats nefnd Grunnskólans á Hellu vill kanna hvort matsspurningarnar 5 sem Grunnskólinn á Hellu byggir sitt innra mat á rúmist innan skólastefnu Odda bs.

Matsspurningar skólans eru:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?

Kaflí 1 í Skólastefnu Odda bs. fjallar um hlutverk sveitarfélaganna og þar má segja að sjónum sé beint að því hvort skólarnir hafi skýra sýn og styrka stjórnun.

2. Líður starfsmönnum og nemendum vel í skólanum og eru þeir ánægðir með skólann sem vinnustað?

Kaflí 2 í Skólastefnu Odda bs. fjallar um Nemandann og námið. Þar er m.a. talað um mikilvægi þess að nemendum líði vel í skólanum og að reglulega séu lagðar spurningar fyrir nemendur sem meta það.

3. Stuðlar skólinn að framförum í lestri?

Kafli 2 í Skólastefnu Odda bs. fjallar um Nemandann og námið, þar er talað um að lögð verði áhersla á læsi í sinni fjölbreyttustu mynd og þær framfarir í lestri séu metnar reglulega.

4. Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl?

5. Er námsumhverfið hvetjandi, skapandi og fjölbreytt og tekur mið af mismunandi þörfum nemenda?

Kafli 2 í Skólastefnu Odda bs. fjallar um Nemandann og námið, þar er talað um að leitað sé allra leiða til að mæta hverjum og einum á eigin forsendum. Liður c-d í þeim kafla fjalla allir um fjölbreyttar leiðir sem byggja skal nám og þjálfun nemenda á.

Í Skólastefnu Odda bs. er ekki hægt að finna neitt sem passað gæti við eftirfarandi matsspurningar:

- líðan starfsmanna og/eða ánægju með skólann sem vinnustað (sjá matsspurningu nr. 2).
- Stuðlar skólinn að heilbrigðum lífsstíl? (sjá matsspurningu nr.4)

Spyrja má hvort að matsspurningar skólans vanti spurningu sem snýr að tengslum skólans við nærsamfélagið, sbr. 3. kafla Skólastefnu Odda bs. sem gæti þá hljóðað þannig:

6. Stuðlar skólinn að góðum samskiptum við nærsamfélagið?

7.nóvember 2016

Særún og Guðrún Bára.

16.2 Fylgiskjal 4

	Framkvæmdar umbætur skólaárið 2016-2017	Hugmyndir að umbótum(tækifæri) fyrir skólaárið 2017-2018	Ábyrgðaraðili/ tímarammi.
Stefna og stefnumótun.	• Sjá; • <u>Námsmat kafli 6</u> og fylgiskjal 2	• Bæta eftirfarandi matsspurningu við í innra mati:"Stuðlar skólinn að góðum samskiptum við nærsamfélagið."	• Sigurgeir/ Særún (ágúst 2017) • Stjórnendur/ stigsstjórar/

		• Endurskoða og einfalda skólareglur. • Kjósa nemendur í skólaráð lýðræðislegri kosningu til tveggja ára eins og reglugerð kveður á um. • Skólaráð setji sér starfáætlun/vinnureglur fyrir hvert ár. • SVÓT-greining starfsmanna á miðönn.	umsjónar-kennarar. (september 2017) • Stjórnendur/ stigsstjórar/ umsjónar-kennarar. (september 2017) • Skólaráð/ skólastjóri. (seðtember 2017) • Stjórnendateymi. (janúar 2018)
Stjórnun	• Stjórnendum boðið sérstaklega á viðburði innan skólans t.d. danssýningu, stóru upplestrarkeppnina, söngstund hjá yngsta stigi. • Starfsmannaferð í Þórsmörk í haust skipulögð af stjórnendum.	• Söguleg þróun Grunnskólans á Hellu inn á heimasíðu skólans. • Einkunnarorð skólans: virðing, vinátta, víðsýni, tengd leiðarljósi skólans. • Einkunnarorð skólans "virðing, vinátta, víðsýni" gerð sýnileg í kennslustofum. • Skjöl er varða trúnað starfsmanna og verktaka sem koma til starfa í skólanum. • Samskipti við framhaldsskóla skráð á heimasíðu. • Starfsáætlun 2017-2018. • Boða skólaráðsfundi með dagskrá. • Samræma upplýsingagjöf í mentor milli kennara.	• Sigurgeir. (maí 2018) • Innra matsnefnd/ stjórnendateymi. (nóvember 2017) • Stigstjórar/ umsjónar-kennarar. (september 2017) • Skólastjóri. (september 2017) • Skólastjóri. (nóvember 2017) • Skólastjóri. (júní 2017) • Skólastjóri. (sept.2017-maí 2018) • Aðstoðar-skólastjóri. (september 2017)

Kennsla og kennsluhættir	• Sjá; • <u>Námsmat kafli 6</u> og fylgiskjal 1. • Kennarar láta stjórnendur vita af viðburðum inn í bekkjum.	• Vinna við uppsetningu í mentor á námslotum/kennsluáætlunum og námskrá hjá öllum kennurum í öllum námsgreinum veturinn 2017-2018 • Lýðræði fléttað inn í skólastarfið m.a. í lífsleiknitímum og öðrum námsgreinum. • Koma betur til móts við tvítyngda nemendur með markvissri orðaforðakennslu.	• Steinar, Særún, Hrafnhildur. (júní 2017 og sept.2017) • Umsjónar-kennarar. (sept.2017-maí 2018) • Umsjónar-kennarar/allir kennarar. (sept.2017-maí 2018)
Stoðkefið	• Opnuð fb.síða. • Kynningafundur fyrir foreldra nem.í 1.bekk v/lestrarkennslu. • Fyrirlestur um mikilvægi lestrarkennslu á miðstigi. • Foreldrum boðið á sýningu á áhugasviðsverk.nemenda í SNS. • Foreldrum boðið viðtal við alla kennara/stjórnendur á viðtalsdögum við annarskil. • Opinn skóladagur. • Foreldrafundir og námsefniskynningar að hausti hjá yngsta stigi og miðstigi. • Einstaklingsfundir með nem.10.b.ásamt foreldrum með	• 3 opnir skóladagar, sýndir á skóladagatali. • Námsefniskynningar á öllum skólastigum. • Kynna foreldrum kennara/kennslugreinar. • Útbúa móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. • Áætlun um sérkennslu og stuðning gerð að vori fyrir næsta skólaár.	• Stjórnendateymið. (maí 2017) • Skólastjórar, stigsstjórar/umsjónar-kennarar. (sept. 2017) • Deildarstjóri/skól astjóri. (janúr 2018) • Deildarstjóri. (apríl-maí 2018)

	ísl.stærðfr.og ensku-kennurum.		
<i>Virkni nemenda í skólanum.</i>	Við eflum ábyrgð nemenda á eigin námi með: • lotukerfi í íslensku á miðstigi. • reglulegum kaflapróf í stærðfræði. • markmiðssetningum nemenda í Skjatta. • áhugasviðsverkefnum í SNS á miðstigi. • verkefnabókum á mentor sem halda utan um fjölbreytt námsmat og eru sýnilegar nemendum. • áætlunum í námsgreinum. • lykilhæfni hugtökum sem eru sýnileg upp á vegg sem kennarar eru duglegir að benda nemendum á. • hrósviku . • lífsleiknitímum. • Námsráðgjafi hittir nem.á elsta stigi og fer yfir námstækni og skipulag.	• Kynning á niðurstöðum skólapúlsins til nemenda í 7.-10. bekk að hausti • Kynning á niðurstöðum skólapúlsins til nemenda í 6.-10. bekk eftir áramót. • Móta hugmyndir af nemendasamtölum. • Vinna með jákv.sálfræði í lífsleiknitímum til að styrkja trú nemenda á eigin vinnubrögðum "ég er góður í..." • Samráðstímar stærðfræðikennara. • Samráð við Heklukot varðandi stærðfræðiundirbúning í leikskólum. • Heimanámstímar á unglingastigi-stærðfræðitímar.	• Stýrihópur um sjálfsmat. (sept.okt. 2017) (jan.feb.2018) • Stigsstjórar/umsjónarkennarar. (okt.nóv. 2017) • Umsjónarkennarar. (sept.2017-maí 2018) • Stjórnendateymi/ stærðfræðikennara. (sept.2017-maí 2018) • Stjórnendateymi. (júní/sept. 2017)
<i>Líðan og heilsa nemenda</i>	Við bætum líðan og heilsu nemenda með: • hrósviku. • bekkjarfundum. • lífsleiknitímum. • vinabekkjum.	• Kynning á niðurstöðum skólapúlsins til nemenda.	• Stýrihópur um sjálfsmat. (sept.okt. 2017) (jan.feb.2018) • Deildarstjóri/ stigsstjórar/

	• jákvæðum febrúar á miðstigi. • vinaviku í öllum bekkjum. • Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir 6. og 7. bekk á vegum félagsþjónustunnar. • Vinabekkir leika saman í frímínútum (1.og6.b.f.áramót) • Fyrirlestur um kvíða barna og unglinga fyrir foreldra á vegum Hugarfrelsis. (í boði foreldrafél.)	• Mánaðarlegar kannanir innan skólans sem mæla líðan nemenda.	umsjónar-kennarar. (sept.2017-maí 2018)
Skóla og bekkjarandi	Við bætum skóla og bekkjaranda með: • umæðu og bekkjarfundum í lífsleiknitímum. • leynivínnaviku síðustu viku fyrir páskafrí. • Bekkjarsáttmála/ bekkjar-reglum sem nemendur búa til í sameiningu. • því að vinna með ART. • lífsleikniverkefnum í lífsleiknitímum. • skipulögðum hrósvikum. • góðum starfsanda og jákvæðum samskiptum starfsmanna. • markvissri samvinnu- og hópavinnu í öllum námsgreinum.	• Kynning á niðurstöðum skólapúlsins til nemenda.	• Stýrihópur um sjálfsmat. (sept.okt. 2017) (jan.feb.2018)

	- tækjalausum ferðum. - tækjalausum dögum. - umræðum um samkennd og jákvæð samskipti. - Skipulagðar kappræður hjá elsta stigi á Degi íslenskrar tungu.		
Heimanám	- Foreldrum boðið á sýningar/kynningar (SNS, samfélagsfræði, stóra upplestrarkeppnin.) - Einn heimanámstími á viku hjá yngsta stigi og miðstigi. - Einstaklingsmiðað heimanám. - Vikuáætlunir, heimavinna og lotur settar inn á mentor. - Kennarar tengja stundum heimanám við daglegt líf og atburði líðandi stundar. - Farið yfir lestrarstefnu skólans á fyrsta starfsmannafundi haustsins 2016.	- Fullvinna heimanámsstefnu skólans með aðkomu foreldra (skólaráð) - Kynna heimanámsstefnu skólans fyrir nemendum og foreldrum.	- Stjónendateymi. (sept/okt. 2017) - Umsjónar-kennarar. (okt./nóv. 2017)
Námsmat	- Aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri og kennari heimsóttu BES til að kynna sér námsmatstæki Mentors. - Tveir fundir varðandi niðurstöður	Vinna við uppsetningu í mentor á námslotum/kennsluáætlunum og námskrá hjá öllum kennurum í öllum námsgreinum veturinn 2017-2018	Steinar, Særún, Hrafnhildur. (júní 2017-maí 2018)

	samræmdra prófa í 4.og 7.bekk og viðbrögð við þeim (sjá fylgiskjal nr.2)		
<i>Virkni og viðhorf nemenda til náms og kennslu</i>	Facebook Grsk. Hellu stofnuð.	Fyrirlestur um gildi og mikilvægi menntunar fyrir foreldra/nemendur	Stjórnendateymið/foreldrafélagið. (okt.-nóv.2017)
<i>Einelti</i>	- Fyrirlestur um kvíða. - Fyrirlestur um kynhegðun. - Kennarar meðvitaðir um að tala um góð eða slæm samskipti í stað eineltis. - Föstudagspóstur um gang vikunnar sendur foreldrum. - Opinn skóladagur þar sem foreldrar voru boðnir velkomnir í heimsókn í skólann.	Fyrirlestur frá Hermanní hjá Samskiptasetrinu.	Stjórnendateymið/foreldrafélagið. (jan.-feb.2018)
<i>Aðstaða nemenda og þjónusta</i>	Boltar merktir í upphafi skólaárs 2016-2017 og nemendur gerðir meðvitaðir um að hugsa vel um þessar gjafir frá 10.bekk.	Gera áætlun um endurnýjun á húsbúnaði skólans og gardinum.	Skólastjóri/húsvörður. (nóv.2017)
<i>Almennar rekstrarupplýsingar</i>		- Fjölga fartölvum og spjaldtölvum. - Skipta ípöðum á stig/bekki	Skólastjóri. (okt.nóv.2017)
<i>Allir starfsmenn viðhorf til skólans</i>	Starfslýsingar vegna þrifa í ákv.rými.		
<i>Samvinna/samstarf allir starfsmenn.</i>		Hvert er hlutverk mitt? Sameiginlegt verkefni allra einstaklinga við skólann.	Stjórnendateymið á miðönn. (jan.-mars 2018)
<i>Kennarar mat og endurgjöf</i>		Starfendarannsókn/	Stjórnendateymið að hausti. (sept.-nóv. 2018)

		Jafningjamat-kennara/stjórnenda. • Kynningar á verkefnum milli bekkja.	• Umsjónar-kennarar. (nóv.2017-apríl 2018)
Kennarar símenntun kennara	• Sameiginlegur starfsdagur leik- og grunnskóla sem starfa undir merkjum Odda bs. • Allir starfsmenn geta sent inn óskir um símenntum til Skólaþjónustunnar.	• Hugmyndir starfsfólks af símenntunaráætlun.	• Starfsmanna-fundur að hausti og í byrjun janúar sent áfram á Skólaþjónustu. (sept.2017 og jan.2018)
Foreldrasamstarf	Við bætum foreldrasamstarf skólans með: • facebook síðu skólans til að vekja athygli á því sem fram fer í skólanum. • Námssefniskynningu í byrjun skólaárs. • nemendasýningum þar sem foreldrum er boðið í heimsókn.(SNS, dans, dagur íslenskrar tungu, jóla-og vorhátíð) • opnum skóladegi þar sem foreldrum er boðið að fylgjast með kennslu. • gefa foreldrum kost á að hitta aðra kennara en umsjónarkennara á foreldraviðtalsdögum.	• Hvert er hlutverk mitt? Sameiginlegt verkefni allra einstaklinga við skólann.	• Stjórnenda-teymið á miðönn. (jan.-mars 2018)